



GRÓA: ÚRBÍLSKÚRNUM Á BRAVÓ

Smá draugar, og líka þínu geimverur

12



18

ARE WE ROLLING?
AÐ SÝNA RAUNVERULEIKANN
EINS OG HANNER



4

HÍÐ HUGLÆGA LIMBÓ
HINSEGINLEIKANS



10

FORWARD WITH DANCE

FÓLKID Á BAK VIÐ BLAÐIÐ



Karitas M. Bjarkadóttir ritstýra



Sólrún Freyja Sen útgáfustýra



Melkorka Gunborg
Briansdóttir



María Árnadóttir



Silja Rún
Sigurbjörnsdóttir



Rakei Sara
Magnúsdóttir



samband
íslenskra
framhaldsskólanema

Framhaldsskólablaðið 1. tölublað, skólaárið 2018/19

Útgefandi: Samband Íslenskra framhaldsskólanema (neminn@neminn.is)

Útgáfustjóri: Guðmundur Rúnar Svansson (ábm.) (grs@neminn.is)

Prentun: Landsprent.

Leiðari: Karitas Mörtudóttir Bjarkadóttir, ritstýra Framhaldsskólablaðsins


Hin löngu tímabæra opnun Vaðlaheiðarganga

Gleðilegt nýtt ár elsku framhaldsskólanemar, vonandi blasir nýja önnin við ykkur björt og fögur, full af loforðum um gott gengi og litla hálfu. Hún gerir það allavega fyrir ritstjórn Framhaldsskólablaðsins, því tölublaðið sem þú hefur milli handanna í þessum töluðu orðum er það fyrsta af þremur blöðum annarinnar. Þetta blað er ekki bara það fyrsta á nýju ári, heldur líka stútfullt af innsendum pistlum, ljóðum og sögum, viðtölum við áhugavert fólk, í því er stjórnsúpa Rakelar Kling, og nokkrir framhaldsskólanemar segja okkur frá uppáhaldslögnum þeirra. Aftast í blaðinu má bera augum glænýjan myndapátt Maríu Árna sem fangar Reykjavík í skammdeginu fyrir náttfröfnana í hópi lesenda. Að vana eru jafnréttismál í brennidepli í umræðunni, og í þessu blaði lögðum við áherslu á að skoða mismunandi kima jafnréttisbaráttunnar.

Á meðan við gerum upp árið sem nú er liðið og lítum yfir farinn veg er mikilvægt að minnst þeirra afreka og barátta sem hafa unnist, hvort sem um er að ræða stórfellda upp-ljóstrun um munnsöfnuð ógeðfella alþingismanna, áframhaldandi umræðu um kynferðisbrot og áreitni í kjölfar #metoo, eða löngu tímabæra opnun Vaðlaheiðarganga.

Árið liggur allavega vel fyrir Framhaldsskólablaðinu, og við hlökkum til komandi samstarfs við ykkur, lesendur, stjórnir nemendafélaga og SÍF. Við viljum líka nota tækifærið og minna á að ritstjórn tekur við innsendu efni á netfanginu karitas@neminn.is, og okkur langar að heyra frá sem allra flestum! Ef þið hafið hugmyndir að umfjöllunum, vinir ykkar eru að gera eitthvað sniðugt eða heimsmálin eru ykkur einstaklega hugleikinn, og þið viljið lesa um þau í Framhaldsskólablaðinu, er velkomið að senda ábendingar á FaceBook-síðu blaðsins.

Fyrir hönd ritstjórnarinnar bjóðum við ykkur að ganga inn í nýja árið með okkur, gjörrið svo vel!




Karitas M.
Bjarkadóttir
ritstýra

Sólrún Freyja Sen
útgáfustýra

Í þessu blaði...

8



**AFHVERJU
KYNJAFRÆÐI?**


INNSENDIR PISTLAR

4



**FRAMHALDSSKÓLANEMAR DEILA
SPILUNARLISTUNUM SÍNUM**

20



6




Barátta kvenna um heiminn skoðuð



KLUKK

KLUKK-INN | KLUKK-ÚT



VERTU MEÐ VINNUTÍMANA Á HREINU

Klukk er frítt tímaskráningarapp fyrir launafólk. Þú skráir vinnutímana þína með einum smelli í Klukk og veist þá nákvæmlega hversu mikið þú vinnur og hvenær. Hægt er að virkja staðsetningarbúnað í appinu sem minnir þig á að klukka þig inn eða út. Náðu þér í Klukk í AppStore eða á GooglePlay.

Nánar á asi.is/klukk



Now also in English



Teraz także w języku polskim

Gleðilega sjálfsuppgötvun

Huglægt limbó hinseginleikans

Mars skrifar



Halló. Við erum hér komin saman af því það eru 78 hommar á Íslandi. Eða voru það 78 kyn? Uuuuuu, nei, kærur börn. Það er af því að árið 1978, þegar það var bannað að segja orðin hommi & lesbía í útvarpinu þá voru stofnuð samtök. Samtök byltingarmanna og kvenna sem áttu það eitt sameiginlegt að, vera það sem við köllum í dag, hinsegin.

Ég heiti Mars og ég er hinseginfræðari fyrir Samtökin '78. Það þýðir að í frítíma mínum ferðast ég ásamt fríðu (og regnbogalitu) föruneysi um skóla landsins að fræða ungmenni um hinseginmálafni liðandi stundar. Í fræðslunni segjum við þeim frá því hver munurinn er á kynvitund, kynhneigð og kynneinkennum. Kennum þeim nokkur góðkunn hugtök og brjótum þær örfáu staðalmyndir sem enn eru á lofti um hinsegin fólk í dag. Við reynum þó fyrst og fremst að ala á því að nálgast annað fólk, og fyrst og fremst okkur sjálf, með opnum hug. Þannig getum við gert samfélagið þægilegra fyrir okkur öll.

Margt hefur breyst frá því fyrir 40 árum þegar samtökin litu fyrst dagsins ljós. Núna samanstandur hinseginssamfélagið af fjöldamörgum hópum fólks sem skilgreina sig á allskonar vegu. Fyrir 40 árum voru það bara hommar og lesbíur. Á þeim tíma urðu þau fyrir miklum fordómum fyrir það eitt að vera þau sjálf. Ástandið var svo á köflum (eins og þegar HIV-faraldur stóð sem hæst á 10. áratug seinustu aldar) að margir hröktust úr landi. Fordómarnir leiddu til þess að Samtökin byrjuðu að veita fræðslu fyrir fólk á ýmsum sviðum þjóðfélagsins en samt aðallega fyrir ungt fólk. Hún hefur svo haldið áfram alla tíð síðan með ýmsu móti. Núna er hún þó talin svo mikilvægur partur af menntun ungra barna að hún er komin inn í mannréttindastefnu sumra sveitafélaganna (looking at you Reykjavík). Þá stendur í aðalnámsskrá að einn af grunnþáttum menntunar sé jafnrétti en undir það fellur einmitt kyn og kynhneigð.

Þrátt fyrir þessar umbreytingar í þjóðfélaginu hefur skólakerfið ekki beint staðið sig vel á þessu sviði. (Það er nú svosem ekki einsdæmi, umræðan um dræma kynfræðslu víðsvegar hefur nú verið uppá borðum lengi en það er efni í annan pistil.) Einstaka kennarar sinna hinsegin fræðslu mjög vel en það er tilviljunum háð hvar þeir leynast í skólakerfinu. Þá er lítið sem ekkert eftirlit með



því hverjir hljóta fræslu og ekki. Lítið fræðsluefni hefur verið framleitt til þess að kippa því í liðin þá erum við, unga kynslóðin af athyglissjúku hinseginfólki, fengin til þess að mæta í skólana og segja frá okkar upplifunum. Þar sem við erum jafningjar krakkana er hugmyndin líka að við náum betur til þeirra.

Krakkar í dag eru upp til hópa ekki fordómfullir. Ef þau virðast vera það, vegna úreltrar orðræðu eða annarra hluta, þá er það yfirleitt af því þau vita ekki betur. Þess vegna er fræðslan svo mikilvægt tækifæri til þess að leyfa þeim að spyrja að hverju sem er án þess að þau séu dæmd. Nokkur góð dæmi:

Þegar þú ert í sundi, ertu þá í sundskýlu eða sundbol?

Hvernig á maður að koma út fyrir foreldrum sínum?

Á hvaða klósett fer kynsegin fólk? iPhone eða Samsung?

Einhverja hluta vegna virðist símagerðin þín skipta miklu máli þegar það kemur að því að mynda djúpa tengingu við fólk í unglingsáæildum grunnskólans. Spurningin sem kemur þó oft upp og vill valda nokkrum vangaveltum er þessi: Af hverju viljið þið heita hinsegin en ekki bara venjuleg?

Spurning sem ég hef aldrei heyrt frá neinum yfir 20 ára.

Það hefur nefnilega myndast ákveðin gjá á milli okkar kynslóðar og þeirra eldri hvað þessi efni varðar. Við erum alin upp í því að samkynhneigð sé venjuleg og að kynhneigð sé fljótandi. Við erum alin upp við það að trans-fólk sé sýnilegt og opinbert í mannlífinu. Við erum alin upp við það að horfa á "coming out" vídjó á YouTube. Þess vegna finnst okkur ekkert mál að teygja hugann aðeins lengra, ímynda okkur eitthvað meira. Enda er hann teygjanlegur hjá okkur á meðan hugur foreldra okkar eru ekki ein teygjanlegur. Kannski voru þau í huglægu limbó fyrirfram yfir því að konur gætu gifst hverri annarri. Hver veit. Þessvegna legg ég til að við gerumst öll mini-hinseginfræðarar og fræðum hvert annað um það sem við lesum og lærum. Líka foreldra okkar og kennara og fullorðið fólk. Þau eiga alveg eins skilið að sjá regnbogann.

Í lokin vil ég benda á að ef þú ert að íhuga þinn hinseginleika og vantar einhvern til að tala við þá eru ráðgjafar starfandi hjá Samtökunum '78 sem hægt er að panta tíma hjá m.a. Á heimasíðu Samtakanna, samtokin78.is. Svo er vefsíðan Hinsegin frá Ö til A (otila.is) uppfyll af hugtökum, reynslusögum og útskýringum á hinsegin dóti, allt á Íslensku. Gleðilega sjálfsuppgötvun.

Hvar eru konurnar í byggingariðnaðinum?

Huglægt limbó hinseginleikans

Aron Leví Beck sendi inn pistil



Umræðan um jafnt kynjahlutfall í starfsgreinum hefur farið vaxandi undanfarin ár og því ber að fagna. Íslendingar hafa náð góðum árangri í þessum efnum þó enn sé langt í land. Mér finnst mikilvægt að allir fái sömu tækifæri til þess að mennta sig og að fólk geti starfað við það sem það hefur áhuga á. Þannig fáum við sem mest út úr hverjum og einum og byggjum þar af leiðandi upp gott samfélag.

Mikil bylting hefur orðið á atvinnumarkaði, karlar fara í „konustörf“ og konur fara í „karlastörf“. Ein af þeim stéttum sem lítið hefur breyst í áráraðir hvað þessi mál varða er byggingariðnaðurinn. Í dag er byggingariðnaðurinn skipaður nær eingöngu körlum. Sumir myndu segja að kvenfólk ætti ekki heima í þessum greinum. Ástæðan sem sumir gefa er að þetta starf sé einfaldlega of mikil erfiðisvinna.

Þessu er ég aftur á móti ósammála. Sjálfur hef ég starfað í byggingariðnaði og séð marga karla sem hafa nákvæmlega enga líkamlega yfirburði yfir margar konur. Fólk er misjafnt og finnst mér þetta vera mikil einföldun á málinu. Hins vegar gæti ég trúað því að konur hafi einfaldlega ekki áhuga á því að sinna þessum störfum. Ein möguleg ástæða þess gæti verið sú að þær geri ráð fyrir því að verða fyrir fordómum innan þessara stétta. Gamli karlar með neftóbak í kaffiskúrum að skammast út í allt og alla hljómar ekkert svakalega vel.

Hugsanlega er hægt að finna ástæðuna í samfélagsbyggingunni sjálfri. Að þrátt fyrir þessar miklu breytingar þá séum við enn föst í þessu gamla móti kynjahlutverka.

Í byggingariðnaði er aragrúi af ótrúlega kláru og flottu fólki sem hefur áhuga og metnað fyrir því sem það gerir. Byggingariðnaðurinn hefur gott af því að fá fleiri konur inn. Það myndi gefa þessum störfum ferskan blæ sem ég held að sé nauðsynlegur fyrir þessar greinar.

Þetta eru fjölbreytt, vel launuð og skemmtileg störf, þar sem verkvit og þekking blandast saman. Ég hvet konur til þess að kynna sér þennan starfsvettvang fyrir alvöru. Á sama tíma hvet ég iðnaðarmenn að taka þeim konum fagnandi sem munu slást í för við að viðhalda og byggja upp mannvirki okkar Íslendinga.

Höfundur er lærður húsamálari, byggingafræðingur og er varaborgarfulltúi Samfylkingarinnar

Stjórnmalavöldin

Silja Snælda Drífudóttir sendi inn pistil



2018

var ekki ár perrans. Það var ár þeirra hugrökku kvenna sem þorðu að segja frá perraskap. Sem betur fer hafa þær haldið því áfram inn í

nýja árið. Undanfarið hafa stjórnmalamenn verið einkum áberandi í þeirri umræðu. Hið margumrædda Klaustursmál, Ágúst Ólafur Ágústsson og nú síðast Jón Baldvin Hannibalsson. Mál Jóns Baldvins finnst mér hvað áhugaverðast þar sem það er langt í frá nýtt. Konur hafa verið að segja frá áreiti af hans hálfu í mörg ár og árið 2012 steig Guðrún Harðardóttir fram og lýsti, í ítarlegu viðtali við Nýtt Líf, kynferðislegum bréfum og meira áreiti frá Jóni Baldvini. Sér til stuðnings hafði Guðrún téð bréf sem hún hafði geymt. Jón Baldvin gat ekki logið sig út úr þessum ásökunum. Samt sem áður virtist það ekki miklu máli skipta. Jú, hann fékk vissulega ekki að kenna áfanga upp í Háskóla Íslands eða skipa sæti á lista Samfylkingarinnar en valdasjúkir menn deyrja ekki ráðalausir. Að sjálfsögðu tókst honum alltaf að finna einhvern áhugasaman um að birta skoðanir hans og reynslu. Þetta með bréfin og konurnar, það var nú bara allt saman misskilningur og Jón Baldvin er jú svo mikilvægur samfélagsgagnrýnandi og auðvitað fyrrverandi utanríkisráðherra! Að sjálfsögðu er ekki hægt að sniðganga þennan mann.

Ég hef sjálf tekið þátt í stjórnmalum á Íslandi og lært pólitík í dönskum lýðháskóla. Ég hef mikið velt fyrir mér áreiti innan stjórn mála og mun þar á milli Íslands og annarra landa. Kynferðislegt áreiti snýst fyrst og fremst um völd og valdbeitingu. Völdin eru í stjórnmalum. Þessi mál sem hafa komið upp í kjölfar meetoo koma því mjög lítið á óvart. Auðvitað er mikið af valdasjúkum einstaklingum í stjórnmalum og auðvitað áreita þeir.

Það er merkilegt að fara frá Íslandi og fá annað sjónarhorn á menninguna. Þetta er nefnilega alveg einstök menning sem við eigum hérna. Margt sem getur ekki annað en talist virkilega gott en einnig gríðarlega slæmir hlutir. Hvernig við þekkjumst öll og erum oft svo náin að við leyfum hvort öðru að komast upp með fánarlegustu hluti. Hvað allt er nátegt og snertir innstu hjartarætur. Þetta kristallast svo í stjórnmalunum okkar. En tímarnir breytast og menningin verður að gera það líka. Við verðum að hætta að taka þátt í þessari helvítis meðvirkni. Við verðum að hætta að styðja perrana og byrja að styðja konurnar sem segja frá þeim.

Mér líður stundum eins og ég geti ekki meir. Hvernig veit maður hvort maður sé þunglyndur en ekki bara leiður? Hvað get ég gert ef að fyrrverandi kærastinn minn setti myndir af mér á netið? Er ekki fáránlegt að líða illa þótt það sé kannski ekkert augljóst að? Er í lagi að tala við ykkur ef það ekkert sérstakt vandamál, ef maður er bara einmana? Er hættulegt að skera sig þótt það sé bara grunnt? Ég vil bara hætta en ég veit ekki hvernig ég hætti. Er hægt að tala við ykkur út af vandræðum með vini, ef maður er bara einmana? Ég þori ekki að tala við foreldra mína um dólitið því ég vil ekki búa til samskiptum. Ég vil stundum ekki að lifa leita og ég næ ekki að stoppa haust og þetta er fyrir einhverju. Ég geti gert eða sagt. Hvað get ég gert? Ég vil fara fram úr á morgnanna? Ég veit ekki hvernig ég nægilega mikið til að stoppa. Ég þori ekki að endurtaka. Ég veit ekki einbeitt mér í skólinum. Ég vil ekki mæta í skólann? Ég vil ekki gera það verra með því að segja eitthvað. Get ég farið eitthvert ef ég get ekki verið heima hjá mér lengur? Hvar getur maður búið ef maður vill bara búa einhverstaðar annarstaðar? Mig langar stundum bara til þess að stoppa allt og hætta enu. Hvað get ég gert þegar mér líður eins og ég sé að missa stjórnina? Fósturpabbi minn er vondur við mig og ég þori ekki talað við mömmu um það. Er fólk handtekið fyrir að prufa dóp? Hvern get ég talað við ef ég held að vinur minn sé kominn í neyslu? Ég hef verið að fikta smá við gras og eitthvað og ég held að ég sé að missa stjórnina. Það var brotið á mér og ég þori ekki að segja mömmu og pabba frá því. Ég veit að þetta var rangt en ég veit ekki hvern ég get talað við. Hringið þið á lögregluna ef einhver segir ykkur eitthvað? Hvernig virkar nafnleynd hjá ykkur? Mér líður eins og það sé einhver þoka yfir mér sem ég kemst ekki út úr. Ég held að ég þurfi hjálp. Mig langar bara til að tala við einhvern. Getið þið hjálpað mér?

Það er nóg að byrja á

hæ

**Ekkert vandamál er of stórt
eða of lítið fyrir netspjall **1717****

**+ HJÁLPARSÍMI OG NETSPJALL
RAUÐA KROSSINS**

1717

Ókeypis • Trúnaður • Alltaf opið

.is

Við erum alltaf til staðar

Um 95 manna hópur sjálfbóðaliða starfar við símsvörun og spjall hjá Hjálparsímanum 1717 og netspjalli Rauða krossins. Allir sjálfbóðaliðar hafa farið í gegnum yfirgripsmikla fræðslu, námskeið og þjálfun.

Hlutverk Hjálparsímans 1717 er að vera til staðar fyrir alla þá sem þurfa að ræða sín hjartans mál í trúnaði og einlægni við hlutlausan aðila og má segja að ekkert sé Hjálparsímanum óviðkomandi.



FEMÍNISTINN OG JAFNFRÉTTISSINNIN

Hugleiðingar Sólrúnar Freyju Sen

Ég kalla mig femínista en ekki jafnréttissinna. Eða nei ég kalla mig jafnréttissinna en ekki femínista. Því femínismi bara samansafn af bitrum eyðimerkurleggöngum sem vilja hrífsa unga börn sem fæðast með typpi úr örmum mjólkandi mæðra sinna og slátra til myrka yfirdrottara sinn Karl Marx.

Málgreinin hér að ofan er (kannski ýkt) dæmi af fordómum gegn femínistahreyfingunni. Það eru nefnilega sumir á þeirri skoðun að jafnréttissinni og femínismi fari ekki saman, eða að það sé óhrein stimpill að kalla sig femínista og þessvegna sé skynsamlegra að kalla sig jafnréttissinna.

En hvað er femínismi og afhverju er þetta óverðskuldaður stimpill á þeirri hreyfingu?

Fyrir þá sem ekki vita þá er femínismi regnhlífahugtak yfir mismunandi hugmyndafræðir sem hafa allar þær markmið að ná fram jöfnuði í samfélaginu með einhverjum hætti.

Femínistar eru karlar, konur, bar-

áttufólk, hinsegin fólk, forvarnafræðarar, heimspekingar, kynjafræðingar, lögfræðingar, félagsfræðingar...svona mætti lengi telja. Femínistahreyfingin inniheldur milljónir af allskonar fólki í allskonar samfélögum í allskonar löndum.

Því er ekki að furða að þessar milljónir eru ekki alltaf sammála, en það er ekki það sem skiptir öllu máli. Það sem skiptir máli er að femínistar eiga jafnréttishugsjónina sameiginlega og vilja að jafnrétti sé náð með einum eða öðrum hætti.

Af einhverjum ástæðum virðist umræðan um femínisma oft afvegaleiðast og fjalla um róttækar og umdeildar skoðanir eða ummæli sumra femínista. Það er í sjálfu sér eðlilegt að athyglin beinist að því sem þykir athyglisvert, en það má aldrei gleyma að femínistar eru jafn ólíkir og þeir eru margir, og þeir þurfa ekki alltaf að vera sammála um hvernig jafnréttishugsjóninni sé best náð. Þeir þurfa ekki að leggja áherslu á sömu atriðin. Það fallega við femín-



Það getur aldrei verið af hinu vonda að gagnrýna hugmyndir sem koma upp innan femínismans rétt eins og innan annara hugmyndafræða

ismann er að vettvangur hans er allt 9 billjóna mannlega samfélagið, stóru og litlu atriðin innan þess.

Það getur aldrei verið af hinu vonda að gagnrýna hugmyndir sem koma upp innan femínismans rétt eins og innan annara hugmyndafræða, að lýta á einhverja hugmynd sem heilaga og yfir alla gagnrýni hafin er allavega sögulega vond pæling.

Femínismi hefur þróast og breyst mikið eftir því sem samfélagið breytist og það er allt í lagi, það er líka í rauninni ekkert skrítið að það séu margar mismunandi pælingar um hvernig skuli ná fram jafnrétti í samfélaginu því samfélagið í dag er svo margbreytilegt og innan þess eru margir mismunandi hópar.

Í den snerist femínismi kannski fyrst og fremst um að konur fengu kosningarétt, eignarhaldsrétt og atvinnufrelsi. Í dag snýst hann reyndar enn um þetta í ýmsum hornum heims, en hann snýst líka um allar þær smáu og stóru jafnréttisbaráttur sem eru háð-

ar dag hvern, í félagslegum veruleika og lagaumhverfinu.

Það má svo sem vera í lagi að kalla sig jafnréttissinna. En þarf alltaf að fylgja með að það sé vegna þess að femínisminn sökkr? Það getur ekki verið að það sé þeim sem vilja kalla sig jafnréttissinna í staðinn fyrir femínista, eða femínistum, í hag að reyna að draga niður femínistahreyfinguna. Það afvegaleiðir umræðuna frá jafnréttisbaráttunni yfir á skilgreininga- stríð. Í minningunni hef ég ekki lesið pistil eftir einhvern sem kys að kalla sig jafnréttissinna um annað en afhverju hann kys að kalla sig stað í staðin fyrir femínista.

Kallaðu þig jafnréttissinna eða femínista. Í íslensku samfélagi ríkir skoðanafrelsi og þú mátt skilgreina þig með hverju sem þú vilt skilgreina þig. En að kalla sig jafnréttissinna og segjast ekki vera femínisti er einfaldlega fáfræði. Ég vona að þessi pistill hafi verið upplýsandi.

„Mamma vissi alveg hvað hún
var að gera þegar hún gaf mér
fyrsta gítarinn!“



TÓNASTÖÐIN

Allt fyrir tónlistarmanninn

KARLMENNSKA, KVENSKA, HINSEGIN MÁLEFNI, KLÁMIÐ OG OFBELDIÐ

Karitas M. Bjarkadóttir spyr og tekur saman



Hanna Björg Vilhjálmsdóttir, kynjafræðikennari í Borgarholtsskóla

1. Hvenær hófst kynjafræðikennsla í þínum skóla?

Kynjafræði var fyrst kennd árið 2007, þá fyrst framhaldsskóla á Íslandi.

2. Er fagið skyldufag eða valfag?

Kynjafræði er skyldufag á bóknaðsbrautum frá því 2017 og til stendur að innleiða fagið sem skyldu á aðrar brautir skólans.

3. Hvað kenniru um það bil mörgum nemendum kynjafræði á ári? Hvernig eru viðtökurnar?

Frá fyrstu tíð hefur fagið fengið hvatningu frá nemendum og vakið ánægju. Ég hef ekki tölu á nemendum sem hafa sagt að þetta ætti að vera skyldufag, og ætti líka að kenna á grunnskólastigi. Sem sagt – nemendur hafa skrifað greinar, gert kannanir sem miða að því að auka veg og virðingu fagsins. Ég leyfi mér að segja að það sé einstaka í menntakerfinu. Að nemendur taki svo virkan þátt í því að auka kennslu í tilteknu fagi. Áður en kynjafræðin varð skylda í Borgarholtsskóla fékk ég bara að kenna hann aðra hvora önn og hann var alltaf fullur og biðlisti að komast inn. Núna er upp 80 nemendur á öll (3 hópar allir fullir).

4. Á hvað leggur þú helst áherslu á? (heilbrigð samskipti, klámvæðingu osfrv)

Yfirmarkmið áfangans er og hefur alltaf verið að auka kynjanæmi nemenda. Að þeir öðlist hæfni til að bera kennsl á misskiptingu valds og virðingar kynjanna í samfélaginu – og vilja til að hafa jákvæð áhrif á stöðuna – nemendur eru hvattir til að taka afstöðu með réttlæti, sanngirni og lýðræðinu. Annað stórt markmið námsins er valdefling nemenda, að þau skilji vald sitt og þurfi að taka afstöðu með sjálfum sér – að þau verði sterkt fólk sem hefur jákvæð áhrif á líf sitt og annara. Ef ég tek svo einstaka efnisþætti þá eru samskipti rauður þráður í náminu og kortlagning á þeim – kynjuðum samskiptum. Karlmennska, kvenska, hinseginmálefni, klámið og ofbeldið eru svo í aðalhlutverkum líka. Þar með ekki ekki allt upptalið.

5. Af hverju finnst þér kynjafræðikennsla mikilvæg?

Úff hvar á ég að byrja! Í suttu máli þá veit ég að þetta nám hefur jákvæð áhrif á nemendur, sjálfmynd þeirra, sjálfsþekkingu þeirra og sjálfsvirðingu þeirra. Námið færir þeim þekkingu til að skilja áhrif samfélagsins á framantalda þætti og þar með hæfni til að vernda sig gegn skaðlegri menningu. Í klámvæddri menningu eru mikilvægt að nemendur fái fræðslu um heilbrigð



Halldóra Ósk Hallgrímsdóttir, kynjafræðikennari í Verzlunarskólanum

samskipti í kynferðismálum – og sett í víðara samhengi. Skilningur á því hvernig kynjakerfið virkar er forsenda þess að við getum brugðist við og bætt samfélagið okkar.

Fræðsla er lykillinn að því að við náum jafnrétti – menntakerfið ber ábyrgð (landslög og námskrár) á að árangur náist í jafnréttismálum. Við þurfum meira en einn áfanga – við þurfum að innleiða jafnrétti inni allar skólastofur allstaðar.

Halldóra Ósk Hallgrímsdóttir, kynjafræðikennari í Verzlunarskólanum

1. Hvenær hófst kynjafræðikennsla í þínum skóla?

Ég byrjaði að kenna kynjafræði veturinn 2010-2011 sem valfag í 5. bekk (á 3. ári) og var það í fyrsta sinn sem kynjafræði var kennd í Verzlunarskólanum.

2. Er fagið skyldufag eða valfag?

Kynjafræði er valfag og hefur verið það frá upphafi.

3. Hvað kenniru um það bil mörgum nemendum kynjafræði á ári? Hvernig eru viðtökurnar? (ef fagið er valfag)

Fagið hefur þróast frá því að vera lítill 14-16 nemenda-hópur í tvo heila bekki á önn. Núna í vetur eru nemendur u.p.b. 60 á önn eða 120 á ári. Þannig að viðtökurnar eru mjög góðar og aðsókn eykst á hverju ári.

4. Á hvað leggur þú helst áherslu á? (heilbrigð samskipti, klámvæðingu osfrv)

Þegar stórt er spurt... ég legg áherslu á marga ólíka hluti. Í upphafi förum við yfir grunnhugtök og reynum að átta okkur á ólíkri birtingarmynd kynjanna í samfélaginu og í fjölmíðlum, síðan förum við yfir sögu kvennabaráttunnar, karlmennsku, klámvæðingu, kynbundið ofbeldi og endum á hinsegin. Þetta er skipulagið í grófum dráttum. En þar fyrir utan legg ég áherslu á umræðu og reyni að grípa tækifærið og blanda því sem er að gerast í samfélaginu hverju sinni.

5. Af hverju finnst þér kynjafræðikennsla mikilvæg?

Kynjafræðikennsla er góð leið til að opna augu nemenda fyrir samfélaginu í kringum þau og gefa þeim einhver verkfæri til að spyrna á móti. Stelpur þurfa að átta sig á að þær hafa sama rétt og strákar til að taka pláss og setja mörk og strákar þurfa að átta sig á að samfélagið setur á þá pressu á svipaðan hátt og stelpurnar og hugmyndir samfélagsins um kvenleika og karlmennsku hafa heftandi áhrif á alla. Ég held að það sé hollt fyrir alla nemendur að læra að líta samfélagið sem þeir búa í gagnrýnum augum og kynjafræðin er mjög góð leið til þess.



Karen Ástudóttir Kristjánsdóttir, kynjafræðikennari í Menntaskólanum við Hamrahlíð

1. Hvenær hófst kynjafræðikennsla í þínum skóla?

Kynjafræðikennslan hófst 2013 í MH eftir því sem best ég veit en sjálf byrjaði ég að kenna við skólann haustið 2017. Þá sérstaklega ráðin inn sem kynjafræðikennari. Ég er með BA í stjórnmálafræði, MA í kynjafræði, auk kennsluréttinda.

2. Er fagið skyldufag eða valfag?

Fagið er valfag en samkvæmt samkennurum mínum hefur það verið kennt svo gott sem á hverri önn frá byrjun. Ég finn fyrir miklum áhuga á faginu meðal nemenda og hóparnir sem ég hef verið með hafa verið afskaplega metnaðarfullir og áhugasamir.

3. Hvað kenniru um það bil mörgum nemendum kynjafræði á ári? Hvernig eru viðtökurnar? (ef fagið er valfag)

Ég hef verið með 30 til 60 nemendur á önn hingað til.

4. Á hvað leggur þú helst áherslu á? (heilbrigð samskipti, klámvæðingu osfrv)


Mín femíníska skólastofa er gróskufull og þar er snert á gríðarlega mikilvægum málefnum og sem meira er, við lærum mikið af hvert öðru. Það er svo frábært að kenna fag þar sem kennarinn fær svona mikið tækifæri að læra af reynsluheimi nemenda sinna!

5. Af hverju finnst þér kynjafræðikennsla mikilvæg?

Mér finnst ég stækka og vaxa sem kynjafræðingur (og manneskja) við það að kenna fagið og skapa þennan samræðugrundvöll með nemendum mínum í skólastofunni. Markmið mitt er þó ætíð að veita nemendum verkfæri til valdeflingar og vitundarvakningar, gefa þeim kost á að dýpka gagnrýna hugsun og auka næmni þeirra fyrir sjónarhornum jaðar- og minnihlutahópa. Besta vinna í heimi.

Kynjafræðikennsla í framhaldsskólum landsins

Kynjafræðikennsla er ekki all-ný af nálinni í íslensku menntakerfi, en hefur tvímælalaust fengið mun meiri athygli síðustu ár en áður. Hver Framhaldsskólinn af öðrum hefur tekið upp kennslu á kynjafræði í einhverri birtingarmynd, sumir hafa meira að segja gert fagið að skyldufagi. Framhaldsskólablaðið varð forvitið um það hvar fagið er kennt, hvernig það er að læra það, hverjir kenna það, og afhverju þau kenna það. Við sendum út spurningalista á kennara og nemendur um landið og fengum eftirfarandi svör.



Bjarnveig Björk Birkisdóttir, fyrrum kynjafræðinemi við Menntaskólann að Laugarvatni

- 1. Er kynjafræði skyldufag eða valfag í þínum skóla?**
Kynjafræði er skyldufag á fyrsta ári í Menntaskólanum að Laugarvatni.
- 2. Ef það er valfag, afhverju valdirðu það?**
- 3. Hvað finnst þér mikilvægast að læra? (Um heilbrigð samskipti og sambönd, klámvæðingu osfrv)**
Allur áfanginn innihélt gríðarlega gott veganesti fyrir alla nemendurnar. Það sem stóð upp úr var klárlega hvernig heilbrigð samskipti eiga að vera á milli kynjanna, virðingin sem maður á að bera fyrir hinum aðilinum og hvernig maður á að geta tekið á samskiptum kynjanna í daglegu lífi með gagnrýnni og heilbrigðri hugsun.
- 4. Hvernig taka/tóku samnemendur þínir í kynjafræðikennsluna?**
Langflestum fannst áfanginn skemmtilegur og fjölbreyttur miðað við aðra áfanga og allir voru frekar jákvæðir gagnvart kynjafræðinni og kennslunni þar.
- 5. Afhverju finnst þér kynjafræðikennsla mikilvæg/ómikilvæg?**
Mér finnst mikilvægt að ungmenni sem eru að stíga sín fyrstu skref í lífinu fái að kynna kynjafræði. Ég lærði mikið af námsefninu og sýn mín á mörgum þáttum í samfélaginu hefur breyst eftir kynjafræðikennslunni, til hins betra. Einnig finnst mér afar gott að áfanginn sé kenndur sem skylduáfangi í ML vegna þess að þeir sem velja hann ekki sem valáfanga eru kannski þeir sem þurfa mest á þessari fræðslu að halda. Samskiptin á milli okkar bekkjarsystkinanna voru alltaf mjög góð og tel ég að kynjafræðin eigi sinn hlut í því.



Guðrún Brynjólfssdóttir, fyrrum kynjafræðinemi við Verkmenntaskólann á Akureyri

- 1. Er kynjafræði skyldufag eða valfag í þínum skóla?**
Þegar ég tók áfangann í VMA var kynjafræði ekki skyldufag á minni braut (Listnámsbraut, myndlistarkjörsvið) ég útskrifaðist í maí 2018 og veit ekki til þess að það hafi breyst síðan þá.
- 2. Ef það er valfag, afhverju valdirðu það?**
Ég valdi kynjafræði vegna þess að ég tel mig mjög femíníska og finnst saga femínisma og jafnréttindabaráttu almennt mjög áhugaverð og eitthvað sem allir ættu að kynna.
- 3. Hvað finnst þér mikilvægast að læra? (Um heilbrigð samskipti og sambönd, klámvæðingu osfrv)**
Það er ekkert eitt sem mér finnst mikilvægara en annað, mér fannst hinsvegar skemmtilegast/áhugaverðast að fræðast um skaðlega karlmennsku og hvernig fedraveldi getur haft slæm áhrif á karla. Það er líka ótrúlega mikilvægt að kynjafræði snerti á umræðu um að ekki allir falli innan kynjatvíhyggjunnar sem við búum við og réttindabaráttu trans einstaklinga.
- 4. Hvernig taka/tóku samnemendur þínir í kynjafræðikennsluna?**
Mér fannst flestir taka vel í hana. Held að allir hafi gott af því að taka að minnsta kosti einn svona áfanga.
- 5. Afhverju finnst þér kynjafræðikennsla mikilvæg/ómikilvæg?**
Áfangar sem þessi vika sjónarhorn okkar á hinum ýmsu málefnum, með því verðum við minna og minna fordómfull. Mér finnst líka mjög mikilvægt að fólk þekki hugtök sem tengjast kynjafræði til að geta tekið þátt í umræðum á uppbyggilegan hátt.



Selma Dís Hauksdóttir, fyrrum kynjafræðinemi við Fjölbrotarskóla Vesturlands Akranesi

- 1. Er kynjafræði skyldufag eða valfag í þínum skóla?**
Kynjafræði er valfag í FVA.
- 2. Ef það er valfag, afhverju valdirðu það?**
Ég valdi hana því mér fannst hún áhugaverð og margir sem ég þekkti höfðu mælt með áfanganum.
- 3. Hvað finnst þér mikilvægast að læra? (Um heilbrigð samskipti og sambönd, klámvæðingu osfrv)**
Mér fannst mjög mikilvægt að læra um klámvæðingu, heimilisofbeldi og hvert væri hægt að snúa sér ef maðir lendir í þessum aðstæðum. Mér fannst sérstaklega áhugavert að komast að því að fyrir 2011, þegar austurríska leiðin var tekin í gildi hér á landi, þar sem ofbeldismaðurinn er fjarlægður af heimilinu, að þá varð fórnalambið fjarlægt af heimilinu en varð svo að horfast í augu við ofbeldismanninn ef sækja þurfti fót eða aðrar nauðsynjar.
- 4. Hvernig taka/tóku samnemendur þínir í kynjafræðikennsluna?**
Kynjafræði var mjög vinsæll áfangi þegar ég var í framhaldsskóla og stundum voru tveir kynjafræðihópar á önn með ca 25 manns, sem er ansi gott miðað við 370 manna dagskóla. Flestir voru virkir í tímum og umræðurnar um efnið urðu oft miklar, óháð kyni. Auk þess voru mikil vonbrigði þegar það átti að leggja kynjafræðina niður, en það gleymdist að taka hana út þegar valið fór fram fyrir vorönn 2017 og þar sem skráningin var svo mikil var ekki hægt að hætta við að kenna hana.
- 5. Afhverju finnst þér kynjafræðikennsla mikilvæg/ómikilvæg?**
Mér finnst kynjafræðsla mikilvæg því við þurfum að átta okkur á stöðu kynjanna innan samfélagsins, því það er eina leiðin til að breyta því. Það hagnast allir á því að taka kynjafræði, því maður sér heiminn í nýju ljósi. Þetta snýst ekki um að hafa annað kynið æðra en hitt, heldur að allir séu jafnir óháð kyni, en það eru ennþá atriði sem hindra það hjá öllum kynjum.

FORWARD WITH DANCE / FWD YOUTH COMPANY

Danshópur fyrir ungt fólk

Melkorka Gunborg Brainsdóttir
skrifar

Forward with Dance er í senn danshópur og dansnám, ætlað þeim sem hafa góðan grunn í dansi og hafa áhuga á að þroskast frekar sem danslistamenn. Danshópurinn er hugsaður fyrir ungt fólk og er í umsjón Dansgarðsins, regnhlífarverkefnis sem byggir starf sitt í kringum Klassíska listdansskólann. Dansgarðurinn hefur það að markmiði að auka aðgengi allra að danskennslu. Listræni stjórnendur Forward with Dance eru þau Hrafnhildur Einarsdóttir og Ernesto Camilo Aldazabal.

Þátttaka í FWD býður meðal annars upp á faglega tækniþjálfun, skapandi vinnu, tækifæri til að sýna á opinberum vettvangi og vinna með danshöfundum. Frá því að hópurinn var stofnaður fyrir tveimur árum hafa þátttakendur hans upplifað ólíkar vinnuaðferðir á sviði dansins. Hann hefur sýnt bæði héraðs og erlendis. Má þar nefna viðburði eins og Vínartónleika Sinfóníuhljómsveitar Íslands, Unglingurinn - Reykjavík Dance Festival, Safnótt, Listahátíð í Reykjavík og Alþjóðlega danskeppni í Lettlandi auk fjölda annarra verkefna. Hópurinn er hugsaður sem brú á milli framhaldsnáms og háskólanáms eða atvinnu-mennsku. FWD heldur inntökuþróf á hverju ári og er ætlaður ungu fólki á aldrinum 18-26 ára.

Núna í janúar sýndi FWD dans-



verkið "A Reversal of Fortune" eftir Sandrine Cassini, þar sem rannsakandi er mismunandi líkamleiki klassískrar ballettækni.

Ég ræddi við þær Bjarteyju Elínu Hauksdóttur, Ernu Kristínu Jónasdóttur og Hrefnu Krístrúnu Jónasdóttur, þrjá þeirra 16 dansara sem mynda FWD Youth Company. Bjartey er nemi á fyrsta ári á samtímadansbraut við Listaháskóla Íslands, en Erna og Hrefna eru báðar í MR og stefna eftir það á framhaldsnám erlendis.

Hvað hafði þið verið að dansa lengi?

Erna: Ég hef verið að dansa frá því ég var um fjögurra ára, en þá bjó ég í Bandaríkjunum. Síðan lærði ég hjá Guðbjörgu Björgvins í eitt ár og fór svo í Listdansskólann. Þaðan útskrifaðist ég síðasta vor og um haustið byrjaði ég að dansa með FWD, ásamt því að vera áfram í tímum í Listdansskólanum.

Hrefna: Sama með mig, ég hef verið að læra dans frá því ég var að verða fjögurra ára. 15 ár alls.

Bjartey: Sama hér, fjögurra ára líka.

Er það skylda til að taka þátt í FWD? Eruð þið allar með áralanga reynslu í dansi?

Bjartey: Það er mjög misjafnt. Við höfum líka lært mismunandi dansstíla, sumir hafa verið meira í jazz-ballett eða nútímadansi.

Hrefna: Bakgrunnarnir eru mjög ólíkir.

Erna: Inntökuprufurnar eru líka hugsaðar þannig að fleiri geti sótt um að vera með í FWD, alveg sama úr hvaða dansskóla þau koma. Alls konar bakgrunnar geta sótt um.

Hvað er FWD Youth Company, í ykkar eigin orðum?

Bjartey: FWD er danshópur fyrir ungt fólk, þar sem flestir eru búnir að útskrifast úr dansnámi. Þetta er fyrir þá sem vilja dansa meira og þjálfa sig í að koma fram. Í hópnum er fólk sem dansar allan daginn en líka aðrir sem eru t.d. í háskólanámi

en vilja ekki hætta að dansa.

Hrefna: Þetta getur einmitt verið brú á milli þess að vera búinn í dansskóla og fara í atvinnumennsku, eða leið fyrir fólk að halda áfram í dansi samhliða öðru námi.

Hvenær og hvernig byrjaði starfið?

Bjartey: Þetta byrjaði haustið 2016. Það hafði lengi verið draumur hjá stjórnendum skólans að stofna hóp af þessu tagi, en hafði aldrei gerst. Við vorum sex í útskriftarbekknun mínun úr Klassíska listdansskólanum og vildum allar halda áfram, svo að við bjuggum til þennan hóp. Á þeim stutta tíma sem hefur liðið síðan þá hefur hann vaxið mikið, núna eru dansarnir orðnir 16.

Afhverju vilduð þið dansa með FWD?

Hrefna: Mér fannst þetta frábært tækifæri til þess að kynna fleirum innan dansheimsins, danshöfundum og atvinnuönnunum sem hafa langa reynslu á þessu sviði. Þátttaka í hópnum veitir manni góð tækifæri til að koma fram og auka reynslu sína sem performer.

Erna: Þetta er öðruvísi en að vera í hefðbundnu dansnámi í dansskóla. Þar fær maður að sýna á skólasýningum, en hér koma danshöfundar til að vinna með okkur í styttri tíma en við erum vanar. Við fáum fleiri tækifæri til að sýna.

Bjartey: Við gerum svo margt ólíkt og erum að fást við mismunandi verkefni. Ég hef aldrei verið að sýna jafn mikið og síðan ég byrjaði í FWD.

Hvernig vinnur hópurinn verk? Hvernig er ferlið?

Bjartey: Það er misjafnt. Þegar við byrjuðum samdi kennari hér í skólanum verk fyrir okkur en síðan þá höfum við fengið alls konar fyrirspurnir og tækifæri, til dæmis frá vídeólistamönnum og danshöfundum, og svo frá Reykjavík Dance festival. Við höfum líka fengið til okkar erlenda danshöfunda.

Hrefna: Stundum hafa listahátíðir

samband, en stundum eru danshöfundar fengnir hingað til að vinna með hópnum.

Erna: Tengslanetið er mikilvægt í dansheiminum. Danshöfundurinn sem er að vinna með okkur núna, Sandrine Cassini, hefur komið þrisvar til Íslands og byggt upp tengsl í leiðinni. Svo fékk hún tækifæri til að vinna dansverk með okkur.

Bjartey: Verkefni eru mjög ólík, ég hef gert allt frá því að leika kind upp í það að dansa í Hörpu. Svo höfum við líka farið til Lettlands til að taka þátt í danshátíð þar.

Er eitthvað verkefni sem var ykkur sérstaklega minnisstætt?

Bjartey: Verkefnið þar sem ég lék kind var eftirminnilegt. Það er kanadískur danshópur sem ferðast um með þetta verk. Hugmyndin á bakvið það er að færa sveitalífið inn í borgina. Ákveðnir kjarnameðlimir eru alltaf með en svo fá þau aðra, eins og okkur, til að vera með. Þetta var mjög fyndið og skemmtilegt, ólíkt því sem ég hef gert áður. Við vorum í raun ekki að dansa heldur einfaldlega að leika kindur. Við fluttum atriðið einu sinni í Kringlunni en vorum svo með sýningar á Listahátíð í Reykjavík. Það sáu það margir, börn voru sérstaklega hrifin. Svo hef ég líka tvisvar dansað á Vínartónleikum með Sinfóníuhljómveit Íslands. Það er líka mjög gaman, alvöru viðburður í Eldborg með fullum áhorfendasal.

Erna: Við Hrefna byrjuðum bara síðasta haust, svo að við misstum því miður af Vínartónleikumunum og kindaverkefninu. Verkefnið með Sandrine sem við erum að vinna núna er annað verkið okkar með FWD. Það fyrsta byggði mikið á spuna og samtímadans, þar sem við fengum að leggja til okkar eigin hugmyndir. Verkið eftir Sandrine er meira eins og í ballettkompaníum, þar sem einhver semur spörin fyrir mann. Þetta er neó-klassískt nútímaverk en byggt á klassískri tækni. Þrátt fyrir að verkefnið hafi bara verið tvö hingað til, þá eru þau mjög ólík. Fjölbreytileikinn er skemmtilegur.

Hvernig er það að dansa með FWD ólíkt því sem þið hafði áður kynnst í dansnámi?

Hrefna: Hér kemur fólk að vinna með okkur sem hefur bara ákveðinn tíma til að semja verk, eins og tíðkast í atvinnumennsku.

Erna: Það er ólíkt hefðbundnum skólasýningum, því þá byrjar maður einhvers staðar og reynir að klára fyrir sýningu. Það er krefjandi en gaman að þurfa að vinna hratt og nota hugann meira. Það er líka skemmtilegt að vinna með fleira fólki sem á ólíkan bakgrunn í dansi og hefur ekki verið saman í skóla.

Bjartey: Hér fáum við líka að takast á við öðruvísi verkefni en við erum vön. Þegar maður er í dansskóla eru sýningarnar svipaðar ár frá ári, en þetta er alls konar. Að gera vídeóverk og gjörninga, leika kind, dansa í Hörpu. Fjölbreytileikinn myndi ég segja að væri helsti munurinn.

Hvað er mest krefjandi við að taka þátt í FWD?

Erna: Það reynir náttúrulega líkamlega á. Oft erum við á fjögurra tíma æfingum og fáum kannski tíu mínútna pásu. En manni líður alltaf svo vel eftir á.

Bjartey: Við erum svo seint á æfingum, við þurfum að æfa eftir að skólakrakkarnir eru búnir. Við byrjum klukkan 20 alla virka daga og erum búnar kl 22, það getur verið erfitt.

Hvað er á döfinni hjá FWD?

Bjartey: Við eigum eftir að taka stöðufund um það, en eftir A Reversal of Fortune ætlar Sigurður Andrean Sigurgeirsson úr Íslenska dansflokki að semja verk fyrir okkur. Við vitum ekki ennþá hvenær það verður.

Hrefna: Við munum líklega sýna brot úr A Reversal of Fortune á Safnanótt 8. febrúar næstkomandi, svo að fólk getur haft augun opin fyrir því.



Oft erum við á fjögurra tíma æfingum og fáum kannski tíu mínútna pásu. En manni líður alltaf svo vel eftir á.

Opið er fyrir umsóknir í Listaháskóla Íslands
Umsóknarfrestur um grunnám er 29. mars 2019

Arkitektúr / Fatahönnun / Grafísk hönnun
/ Vöruhönnun / Alþjóðleg samtímadansbraut
/ Sviðshöfundabraut / Myndlist / Hljóðfæraleikur
/ Söngur / Klassísk söng- og hljóðfæraakennsla
/ Rytísk söng- og hljóðfæraakennsla / Kirkjutónlist / Skapandi tónlistarmiðlun / Tónsmíðar

Nánari upplýsingar um námsbrautir, inntökufreli og umsóknir eru á lhi.is



LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS
Iceland University of the Arts

GRÓA: ÚR BÍLSKÚRNUM Á BRAVÓ

Smá draugar, og líka þínu geimverur

Hljómsveitin GRÓA hefur slegið rækilega í gegn undanfarið og tröllriðið íslensku grasrótartónlistarsenunnni. Það sem byrjaði sem tólmstundarátrás í bílskúr í Vesturbænum er nú orðið að gífurvinsælli verðlaunahljómsveit sem spilar fyrir fullum sal dansþyrstra áheyranda. Framhaldsskólablaðið fékk tækifæri til að setjast niður með þeim Fríðu Björgu Pétursdóttur bassaleikara (17 ára), Hrafnhildi Einarsdóttur trommara (17 ára) og Karólínu Einarsdóttur söngvara, gítar- og hljómborðsleikara (16 ára). Allar þrjár stunda nám við Menntaskólann við Hamrahlíð, en hafa þekkt frá blautu barnsbeini.

Karitas M. Bjarkadóttir skrifar

Af hverju GRÓA?

„Nafnið er skemmtilegt, sko. Við vorum ótrúlega lengi að finna nafn.“

„Við þurftum að finna nafn fyrir Músíktílaunir og vorum svolítið bara að drífa okkur.“

„Við höfðum þess vegna ekkert svo langan tíma til þess að finna nafnið. Ég [Karólína] og Hrafnhildur erum systur, svo við ákváðum bara að fyrsti sameiginlegi forfaðir okkar tveggja með Fríðu, yrði nafnið á hljómsveitinni.“

„Svo við fórum inn á Íslendingabók og þá komu upp hjónin Gróa og Einar, og okkur fannst Gróa hljóma aðeins betur en Einar.“

Ykkur fannst hljómsveitarnafnið „Einar“ ekki eins grípandi?

„Nei... Við prófuðum líka nafnið „Greinar“, svona blandað saman, en það var eiginlega bara skrítið.“

„Já, það var eiginlega bara ógeðslega lélegt.“

„Núna hefði ég samt reyndar kannski valið Einar.“

Þannig að þið urðuð til, hvað, í kringum Músíktílaunir fyrir tveimur, þremur árum?

„Nei...“

„Við urðum til þá, svona í kringum þann tíma ákváðum við að vera í hljómsveit, og svo bara ákváðum við að taka þátt í Músíktílaunum stuttu seinna. En við stofnuðum hljómsveitina ekki með Músíktílaunir í huga.“

„Við vorum bara eitthvað að leika okkur.“

„- og þetta var bara svona það sem var næst, það sem við hefðum getað tekið þátt í, einhvern veginn.“

„Og þetta var svona það sem fékk okkur mest til þess að gera eitthvað, semja fyrsta lagið okkar, finna nafn á hljómsveitinni og koma okkur áfram.“

„Ótrúlega mikið samt bara að hoppa beint í djúpu laugina. Ég meina, við erum þarna komnar á sviðið í Hörpunni og höfðum aldrei komið fram og enginn vissi til dæmis að Karó væri að syngja.“

„Já, það vissi enginn af þessu. Að við værum í hljómsveit. Það þekktu okkur bara allir sem vinkonur og svo vorum við allt í einu bara uppi í sviði einhvers staðar.“

„Svo var ein vinkona mín [Hrafnhildur] sem var eitthvað að hlusta á það hverjir væru að taka þátt í Músíktílaunum, og heyrði allt í einu nöfnin okkar, og skildi ekki neitt í neinu.“

„En hljómsveitin varð svona til í kringum þann tíma, aðeins fyrr samt, við vorum búnar að vera svolítið lengi bara að leika okkur

að spila saman.“

„Án þess samt að segja að við værum í hljómsveit. En Gróa varð til þarna, fyrir tveimur árum.“

„En svo byrjum við að semja. Því fyrst vorum við ekkert að spila saman til þess að semja, bara til þess að fá smá útrás og spila með öðrum. Gera eitthvað eftir skóla.“

Hafiði haldið ykkar upprunalegu mynd frá stofnun?

„Við erum á alveg sömu hljómfærum en við höfum samt rosa mikið þróast og breyst.“

„Sérstaklega bara síðasta árið!“

„Svo erum við líka að byrja í hljómsveitinni á þessum aldri þar sem erum að breytast svo ótrúlega mikið og hratt. Og ég held líka að hljómsveitin bara breytist mjög mikið með því.“

„Og líka bara eftir því sem við kynnumst fleira tónlistarfólki og hlustum á fjölbreyttari tónlist, það hefur áhrif. En ég myndi líka segja að tónlistin okkar og stefnan sem við erum að taka, hún er búin að breytast mjög hratt, finnst mér.“

„Já, algjörlega.“

„Við erum að fara í allt aðra átt en fyrstu lögin okkar. Það sem við erum að gera núna er svo allt öðruvísi en þegar við vorum að byrja.“

„En við höldumst samt alltaf í sama forminu.“

„Við höfum samt núna verið að vinna meira með það að hafa bara bassa, trommur og söng, og prófa eitthvað nýtt á hljómborðið. Bara allskonar. Af því fyrst vorum við rosalega mikið bara með gítar og söng.“

„Við höfum líka allar verið í námi í tónlistarskóla og æft þá á milli, en höfðum ekki spilað á þau hljódfæri sem við spilum á í hljómsveitinni þegar við stofnuðum hana. Svo breyttist það og við fengum meiri áhuga á að verða betri á þau hljódfæri sem við spilum á, og fórum að æfa á þau.“

Hvað finnst ykkur skemmtilegst við að búa til tónlist og geta flutt hana?

„Ég [Karó] fæ einhverja svona sérstaka tilfinningu þegar ég spila. Þetta er bara það langskemmtilegasta sem ég geri.“

„Þetta er svo gaman!“

„Svo ótrúlega gaman!“

„Og líka sérstaklega af því þetta kemur í svona köflum, við erum kannski alveg mjög mikið að reyna að semja og ótrúlega mikið að pæla, einhvern veginn. Þetta er ótrúlega mikil útrás og frelsi að fá að spila bara, og enginn fær að segja neitt um það. Við fáum bara að gera það sem við viljum.“

„Já, stundum langar okkur kannski að semja nýtt lag sem



á að vera einhvern veginn, með þessu og hinu í, og vera kannski ótrúlega lengi að leggja ótrúlega mikla vinnu í lagið, og vera svo sáttar með útkomuna.“

„Og geta spilað það og vera ánægðar með það, án þess að fá ógeð af því.“

„Þó það hafi alveg líka komið fyrir að allt í einu finnst manni smá óþægilegt að spila það, það er mismunandi eftir aðstæðum samt. Þótt þetta sé ótrúlega næs þá getur þetta líka verið mjög stressandi.“

„Mér finnst það hafa minnkað samt mjög mikið núna. Að koma fram.“

„Við eigum alveg mismunandi erfíð gígg, stundum er maður mjög niðurdreginn eftir á og hugsar bara; Stelpur hvað var þetta? Eigum við að breyta einhverju? Fá nýjan meðlim, eða eitthvað?“

„Það voru til dæmis mjög óþægilegir tónleikar þegar við

vorum einhvern tímann að spila og Hrafnhildur gleymdi snerilnum sínum, og hún þurfti að keyra heim og sækja hann.“

„Og á meðan var bara fullur salur af fólki.“

„Þetta var í Airwaves vikunni, fyrst. Og við Fríða vildum ekki að allir myndu fara, svo við vorum með svona mini-uppistand á ensku.“

„Alveg í svona, hálf tíma eða tuttugu mínútur, þar sem við vorum bara að segja sögur og skapa umræður. Hver og einn átti að segja frá hvaða landi þeir kæmu, frekar fyndið bara.“

„En það gekk alveg ótrúlega vel samt, góð redding bara.“

„Það er líka alveg gaman, ekki það að það sé gaman að eiga leiðinleg gígg, en það er ótrúlega gaman ná svo aftur að spila vel.“

„Við höfum líka svo mikla og góða stjórn á þessu, það er svo

marginn sem er hægt að laga, og þægilegt að geta haft eitthvað til að einbeita sér að því að laga og gera betur. Eftir tónleika er maður alltaf með einhverja nýja punkta.“

„Við getum alltaf gert eitthvað öðruvísi, það er enginn sem er að stjórna því sem við erum að gera, þó við myndum bara allt í einu gera eitthvað allt annað, hafa bara söng eða eitthvað, þá getum við það bara. Mér fannst alveg ótrúlega mikill léttir að allt í einu fatta eftir smá tíma að við ráðum okkur sjálfar.“

„Við megum bara gera þetta nákvæmlega eins og við viljum.“

Skiptist þið á að semja, hvernig gengur ferlið fyrir sig?

„Lögin semjum við alveg rosalega mikið saman. Við tölum alltaf saman fyrst, því við vinnum svo mikið saman og það eru engin hlutverk fyrir hvern og einn. Við ræðum um það hvernig okkur líður, hvernig lag við getum samið á hverjum og einum tímamarki í okkar persónulega lífi. Hvernig vibe viljum við?“

„Svo erum við líka svo mikið í sama umhverfinu, að okkur líður oft mjög svipað.“

„Við tölum, eins og þú sagðir, mikið um það hvaða fliðing við viljum hafa í laginu. Við erum oft með einhvern smá texta tengdan því hvernig okkur hefur líðið.“

„Já, við eigum rosa mikið af stökum setningum hér og þar.“

„Eða bassalínur, sem við höfum nú þegar og getum unnið með. Það gengur ekkert alltaf í fyrstu tilraun að semja í kringum hana, en hún heldur sér alltaf.“

„Lögin breytast líka ótrúlega mikið milli tónleika. Við prófum kannski að spila eitthvað á tónleikum sem verður svo allt öðruvísi í sinni tilbúnu mynd. Fólk fattar ekkert alltaf að þetta er sama lagið.“

„Maður breytist líka svo mikið þegar maður fer að spila fyrir fólk, þó svo að það sé alls ekki ásvitandi, þá gerist það.“

„Um leið og það er fólk að horfa á mann, og fylgjast með manni.“
„Þó svo að manni finnist það alls ekki óþægilegt, þá hegðar maður sér samt alltaf öðruvísi þegar fólk er að fylgjast með.“

Finnið þið fyrir því að fólk finnist undarlegt að sjá þrjár stelpur saman í hljómsveit?

„Við höfum fengið alveg ótrúlega mikið af góðum hrósum sem okkur þykir vænt um, en við höfum líka fengið svona frekar skrýtnar athugasemdir. Á tímabili vorum við alltaf að fá athugasemdir við kynið okkar, í staðinn fyrir það hvað við vorum að gera.“

„Við lögðum líka svo mikla vinnu í löggin og fyrst voru einu kommentin sem við fengum bara um það að við værum hugrakkar að vera þrjár ungar stelpur.“

„Ég [Hrafnhildur] tek samt meira eftir því núna þegar við erum orðnar eldri og farnar að spila meira að það vantar alveg ótrúlega mikið kvenkyns fyrirmyndir í þessu.“

„Ég man ekki eftir að hafa haft neina kvenkyns fyrirmynd sem gerir eitthvað svipað og við. Ég þurfti alveg ótrúlega mikið að kynna mér þetta og grafa eftir þessum flottu konum í tónlist.“

„Við höfum náttúrulega fengið ótrúlega mikið af flottum og fallegum hrósum. En það sem mér fannst skrítnast svona fyrst var þegar við vorum að spila, og fólk var alltaf að benda á að við gætum alveg spilað á trommur þó svo að við værum stelpur. Eins og það væri bara fáránlegt. Þetta virkaði stundum eins og þversögn, en kannski bara af því að það var óheppilega orðað.“

„En það er alveg ótrúlega gaman að heyra að við séum fyrirmyndir, það besta sem er hægt að heyra.“



Þið gáfuð út plötu í vor og hafði farið sigurför um íslensku grasrótarsenuna síðan þá, getið sagt mér frá ári GRÓU?

„Þetta er búið að vera alveg ótrúlega gott ár. Alveg ruglað, eiginlega.“

„Við komum inn í post-dreifingu, í byrjun árs. Það breytti öllu.“

„Við kynntumst fullt af fólk í gegnum það batterí, og á sama tíma vorum við að byrja í MH þar sem er líka aragrúi af flottu fólk

sem filar það sama og við og hvetur okkur áfram.“

„Fólk er miklu opnara fyrir einhverju sem er öðruvísi og það hefur hvatt okkur í því að breyta og bæta tónlistina okkar. Við getum verið æstari.“

„Við erum búnar að eiga alveg ótrúlega gott 2018, og búnar að spila miklu meira en áður. Við höfum ekki tölu á því hvað við spilum oft í fyrra, en við ætlum að telja giggin okkar í ár.“

Hvernig sjáði GRÓU2019 fyrir ykkur?

„Við spáum mjög góðu GRÓU 2019 ári.“

„Við erum að vinna í mjög spennandi plötu, sem er svona aðeins hrárrí en það sem við höfum verið að gera, hún er meira experimental, með smá draugum og líka þínu geimverum, við erum mjög spenntar fyrir þeirra útgáfu.“

„Mjög ólík fyrstu plötunni okkar, við erum alveg mjög spenntar fyrir því hvernig hún er að hljóma,

þó svo að það sé mikil vinna eftir.“

„Fyrsta platan var náttúrulega bara fyrstu sjö löggin okkar. Við vorum alveg ótrúlega mikið að prófa bara allskonar, vissum kannski ekki endilega hvernig við vildum hafa þetta.“

„Svolítið svona bara að koma fyrstu lögnum okkar frá okkur. Sem er auðvitað geggjað, að henda því út.“

„Núna erum við að gefa okkur aðeins meiri tíma.“

Tilboð 17

10 bitar fyrir 4-5

5 Stórir bitar og 5 minni. Stórt hrásalat og kokteilsósa. Stór af frónskum og 2l. Pepsi.





kjúklinga
vefur og borgarar



Miklabraut

Kringlumýrarbraut

Miklabraut

Við erum hér!

Kringlan





Kjúklingastaðurinn
★ Suðurveri ★

Stigahlíð 45-47 / Sími 553-8890



Einn af þessum dögum

Jana Björg Þorvaldsdóttir

„Í dag er bara einn af þessum dögum“ segi ég við sjálfa mig um leið og ég panta mér risastóran kaffibolla (þann fjórða í dag) og sest niður. „Einn af þessum erfiðu dögum sem koma inn á milli þó svo að maður sé hamingjusamur“. Planið var að reyna að læra en ég er eitthvað utan við mig. Ég er að hlusta á tónlist sem aftengir mig við raunveruleikann og gerir allt draumkennara. Það eru ekki margir á kaffihúsinu sem er bara fínt, ég kann vel við það svona. Það er rólegri stemning og ég fæ frið til þess að hugsa. Það er þó kannski

ekkert sniðugt að hugsa of mikið. Það koma nokkrir eldri krakkar úr skólanum og setjast niður rétt hjá mér. Ég kannast við þau og þau brosa til mín. Hægt og rólega átta ég mig á hópnum og byrja að pakka saman dótinu mínu. Ég veit alveg hver er á leiðinni og ég vil ekki einu sinni reyna að takast á við það, það er betra að flýja bara. Einmitt þegar ég held að ég sé sloppin gengur hún inn. Hugurinn minn fer strax á milljón, hann reynir að halda heilanum í skefjum og víkja burt vöndum hugsunum. Það virkar ekki. Af öllum þeim

tilfinningum sem ég get upplifað finnst mér þessi vera ein af þeim allra verstu. Konan dregur úr sjálfsáliti mínu með því einu að vera til, með því að vera hún sjálf. Hún er allt sem ég vil vera: Klár, falleg, vinsæl og góð, hún er óhrædd og hefur mun meiri reynslu af lífinu. Ég er bara lítil í mér og veit í raun ekki neitt. Ég hræðist návist hennar og forðast hana eins og heitan eldinn. Mér finnst ekki gaman að líða svona en þetta gengur allt upp, þetta eru staðreyndir: Hún er betri en ég. Ég verð aldrei jöfn henni. Ég hendi í flýti öllu

dótinu mínu í skítuga, græna bakpokann minn, dríf mig í snjáða jakkann hans pabba, hækka tónlistina í botn og hleyp út á meðan ég geri mitt besta til að forðast augnarád hennar. Ég er byrjuð að anda hraðar. Sennilega blanda af stressi og kaffidrykkju. Ég skildi samt bollann minn eftir, ég drakk næstum því ekkert, ég var að flýta mér svo mikið út. Ég reyni að róa mig niður og labba í áttina heim. „Þetta er bara einn af þessum dögum“.

Ljóð

Alana

Hey Mrs. Sunshine you shine so peacefully
Hey Mrs. Sunshine where are you?
Hey Mrs. Sunshine keeper of my gloom
You don't look so good do you now?
You don't look so fine do you now?

Hey its been a while alana
I was looking for you alana
I was calling for you all night long
I was looking for a place to belong
Looking for a place to belong

Now i'm writing this in my cold bed
Remembering all the times you rushed through my head
You were my drug of choice, my warmth at night
I wanted to hear your voice, vibrations created light
We never kissed though i thought we might

Alana
Where were you?
Alana
When i needed you?
Alana
How could you?
Alana

Last lecture

These days i'm afraid of waking up alone
I wish that i could tell you that i've grown

When you give the last lecture, all the leaves fall
But despite that I still have to stand up tall

The snow has come to take you away from me
There will always be a place for you to stay with me

Time seems to stand still when you aren't near
These days the winter is the only thing I fear

I'm lost, leafless and peeled as all of my ineptitudes are revealed
Maybe I should have kept my feelings concealed

Where my bark once was, now remains a fracture,
you left with the leaves when giving me the last lecture

Kristófer Andrússon

um þig

þú sem berð mitt uppáhalds-bros
hjarta mitt berð í mjúkum höndum
björtum augum þú skartar og engin lykt er betri en þín

faðmur þinn hlýr og opinn
huga minn þú róar með minnstu snertingu
sál mína hleður með nærveru og engin augu jafn skilningsrík og þín

undiröldur

þú helltist yfir mig eins og sjórinn umlykur bráð sína
ég vaggði stjórnlaus með öldum þínum þar til ég sókk

ég horfi í djúpið og að eina sem hellist yfir mig er söknuður
ég tek skref aftur, loka augunum

og dreg andann djúpt

áður en ég veit af skell ég í kalt hafið
ósynd berst ég um þar til kuldu tekur yfir
og stjórnleysið hræðir mig ekki öldurnar hugga mig er þær reka mig út á haf

Biðstofan

Leitandi augu, þungt hugsí.
Fálmandi eftir minningum sem koma aldrei aftur.

Hún situr og bíður tímunum saman.
Bíður eftir eitthverju.
Endinum líklegast.

Ótengdar setningar, óskýrar hugsanir.
Hún berst við að setja orðin saman.

Nú liggur hún og hvílir.
En hún bíður enn.
Tíminn hægir á sér,
þar til hann rennur út.

Og biðin hefur tekið enda.
Augun lokast og hugurinn skýrist
Allt er á sínum stað,
hún er komin á sinn stað

og hvað

ég setti sængina þína upp í skáp í síðustu viku
svona til að finna ekki fyrir nærveru þinni er ég sef
ég setti bækurnar sem þú gafst mér niður í geymslu í gær
svona til að vera ekki umkringd orðum sem minna mig á þig
ég er byrjuð að keyra aðra leið

í vinnuna
svona til að forðast það að leitast eftir ljósi í herberginu þínu

ég setti sængina upp í skáp í síðustu viku
og hef ekki sofið vel síðan
ég setti bækurnar niður í geymslu í gær
og ég er búin að sækja þær aftur og læra orðin utanbókar
ég er byrjuð að keyra aðra leið í vinnuna
og keyri nú framhjá nýju íbúðinni þinni

en rúmið er kalt
orðin innihaldslaus
og ljósið er alltaf slökkt

Þórunn Hjördísardóttir

Botninn

Á botninum er ég stödd
Ég er brotin og uppgjefin
Sjálfsmynd mín í brotum liggur í örsmáum molum í kring
þó að ég sé stödd á botnunum þýðir það ekki bara endalok heldur líka upphaf
Upphaf á endurreisn
Ég hef alla molana sem eitt sinn var ég
Ég og sjálfsmyndin mín sem ég þúsla saman á ný
Botninn er sérstök gjöf og tækifæri
til að líta í sinn eigin barm og skilja sig betur
Byggja sig upp og vera heil á ný

Nafnlaust

Óður til lóunnar

Undan kveðjandi fönninni hrökkva litirnir til lífs við söng hennar.

Undir hækandi sól

vaxa hlustendur vetrarins við gjöf hennar.

Það eitt að vera eftirlæti skáldanna dugar ekki til.
Því hver er sá sem hefur þyngri byrgð að bera yfir höf og heima en vorboðinn auðmjúki?

Björn Ingi Baldvinsson

Fjölbreytileiki

Ung stúlka með brotna sjálfsmynd
Og strákur sem grætir sig í svefn.
Eru þau öðruvísi en aðrir?
nei, því þau eru bæði mennsk.
Hvað er að gerast með samfélagið
Ég skil ekkert lengur.
Afhverju getum við ekki bara staðið saman
Og haldist í hendur,
Ég myndi halda að það væri eina sem gengur.
Hættum að dæma hvort annað
Styðjum og hrósum frekar.
Því í mínum huga er aðeins eitt bannað
Og það er að dæma aðra.
Auðvitað gengur það ekki alltaf en ég geri mitt besta.
En ég vil samt meina
Að ég elska fjölbreytileika.

Diljá Mikaelisdóttir

Veruleikinn

Veruleikinn er ljótur ef hann er skoðaður í réttu ljósi.
Á meðan karl er með völd er kona gerð að hlut.

Staðalímyndir verða til sem fáar konur uppfylla. Þessar endalaus kröfur

eru sífellt að magnast upp.

Þetta er eins og árás sem er gerð á sjálfsmynd kvenna.
Of stór brjóst og of stór rass hvað eigum við að gera í okkar sporum?

Þegar kona fær völd er hún þögnuð niður.
Við erum enn að rífa í gaddavírs girðinguna sem feðraveldið hefur sett upp.

Tíminn er kominn til að opna augun og hætta að hunsa veruleikann.

Stöndum saman allar sem ein, öll sem eitt.

Diljá Mikaelisdóttir

Stundum er ekkert svo hjúrt að vera hjúrt
Heyra alla daga að ekkert í manni býr
Sumir segja æði
Aðrir segja oj
Sumir segja bæði
Aðrir segja boi


En við erum öll bara mann-
eskjur
Og okkur veitir ekki af ást
Sama hver kynhneigðin er
Og hvernig maður skilgreinir kyn
Þá er maður manneskja, sem betur fer
Við þurfum öll að eiga vin

Saman skulum við sýna ást
Sjá hvert hún leiðir okkur í gegnum súrt og sætt
Bæði regn og skúrir
Við getum líf okkar bætt
Ef þú bara þorir

María Lóa Ævarsdóttir





HÖNDLARÐU HITANN ?



REYKJAVÍK Í SKAMMDEGINU

Hversdagsleikinn festur á filmu Maríu Árnadóttur








AÐ SÝNA RAUNVERULEIKANN EINS OG HANN ER

Porsteinn Sturla Gunnarsson og Orri Starrason gerðu heimildarmynd um fatlað fólk í kvikmyndagerð

Melkorka Gunborg Briansdóttir
skrifar



Orri Starrason og Porsteinn Sturla Gunnarsson útskrifuðust báðir frá Menntaskólanum við Hamrahlíð í desember síðastliðnum. Á síðustu önninni í MH unnu þeir sjálfstætt lokaverkefni saman, heimildarmynd um fatlað fólk í kvikmyndagerð. Myndin er ríflega klukkutími að lengd og ber titilinn Are We Rolling. Þeir stefna báðir á framhaldsnám í kvikmyndagerð.

Birtingarmynd fatlaðra í samfélaginu hefur verið Porsteini og Orra hugleikin. Sýnileiki ólíkra hópa segir mikið um stöðu þeirra í samfélaginu og hvar jafnréttisbarátta þeirra er stödd. Miðlar gegna þar mikilvægu hlutverki og skipa kvikmyndir stóran sess.

Um 15-20% fólks í heiminum er fatlað, en talan er breytileg eftir því hvernig fötlun er skilgreind. Þrátt fyrir það er þessi hópur nánast ósýnilegur í kvikmyndaheiminum. Margir minnihlutahópar eru ekki nógu sýnilegir í kvikmyndum. Með vitundarvakningu og umræðu um jafnrétti hefur þó ýmislegt breyst til hins betra, en við eigum langt í land.

Hefur fatlað fólk gleymst?

Hvaðan kom hugmyndin að verkefninu? Af hverju vildu þið gera heimildarmynd um þetta?

Orri: Hugmyndin kom reyndar upprunalega frá mér. Við vildum báðir gera sjálfstætt lokaverkefni

í MH. Porsteinn ætlaði að gera handrit, en ég vissi ekki alveg hvað ég ætlaði að gera. Við vorum báðir frekar týndir, en svo datt mér í hug að hann gæti gert verkefni um stöðu fatlaðs fólks í kvikmyndagerð. Við höfðum af og til spjallað um þetta efni. Þegar hann var byrjaður að redda viðtölum fannst mér þetta svo spennandi að ég ákvað að hætta við mitt verkefni og vinna með honum í staðinn.

Porsteinn: Augljóslega völdum við þetta af svoltið persónulegum ástæðum.

Orri: Porsteinn hefur lengi ætlað sér í kvikmyndagerð og við höfum oft talað um áskoranirnar sem fylgja því fyrir fatlaða manneskju. Við komumst að þeirri niðurstöðu að það er engin umræða um fatlað fólk í kvikmyndaíðnaðinum. Svo kviknaði hugmyndin út frá því.

Porsteinn: Svo var líka annað markmið að kynna fólk í kvikmyndabransanum á Íslandi. Hitta það og búa til tengsl.

Stefnið þið báðir á framhaldsnám í kvikmyndagerð?

Orri: Já, áhuginn hjá mér vaknaði í raun út frá þessu verkefni. Núna er ég að undirbúa umsókn í kvikmynda-skóla í Berlín.

Porsteinn: Já, ég hef stefnt á kvikmyndaíðnaðinum í mörg ár. Ég er samt ekki alveg búinn að ákveða hvar það verður, ég er ennþá að skoða möguleikana. Ég er að sækja um á sviðshöfundabraut í Listháskólanum líka.



Mögulega er fólk hrætt við að fötluðum einstaklingi sem vinni að kvikmynd fylgi of mikið vesen.

Hver var helsta niðurstaða heimildarmyndarinnar?

Orri: Við þurftum einmitt að velta því fyrir okkur þegar við klipptum lokakaflann í myndinni.

Porsteinn: Það var eitt það erfðasta.

Orri: Okkur fannst niðurstaðan nefnilega svo óljós. Þetta var svoltið ólíkt eftir viðmælendum. Við reyndum að skýra lokaskilaboðin þannig að helstu hindranirnar fyrir fatlað fólk í kvikmyndagerð væru oftast ekki þær áþreifanlegu. Oftast er þetta ekki spurning um aðgengi, því það er yfirleitt hægt að leysa.

Porsteinn: Frekar er þetta huglægt.

Orri: Þetta er huglægt, bæði hjá fólki í kvikmyndabransanum sjálfum þar sem sumir líta á fatlað fólk sem töf á ferlinu og vesen, en líka hjá fötluðu fólki. Því finnst vinna við kvikmyndir vera eitthvað sem það getur ekki gert. Það þarf fyrirmyndir, það þarf að sjá að þetta sé hægt.

Porsteinn: Myndinni lýkur á jákvæðum nótum. Við tókum jákvæðustu bítana úr viðtölunum og settum þá saman, því myndin á að virka sem hvatning. Niðurstaðan er sú að það er ekki jafn mikil fyrirstaða og fólk heldur.

Orri: Við enduðum myndina á

því sem Sólveig Arnarsdóttir leikona segir: „Það þarf bara að gera þetta.“ Það á svo vel við, því það skortir fyrirmyndir í kvikmyndagerð fyrir fatlað fólk. Það er ekkert kerfi sem hvetur það inn í kvikmyndabransann.

Porsteinn: Sérstaklega ekki á Íslandi, það er aðeins betra í Bandaríkjunum, en hér er fólk ekki meðvitað um þetta. Við fengum líka að heyra það frá öllum viðmælendum að það hafði aldrei velt þessu fyrir sér.

Orri: Það var ótrúlega flott að finna hvað flestir voru áhugasamir samt. Margir viðmælendur sögðu okkur að við hefðum vakið þá til umhugsunar, að þeir hafi verið að hugsa um þetta síðan við höfðum samband.

Porsteinn: Ólafur Darri hvatti okkur til dæmis til að hafa sambönd við fagfélögin á Íslandi, félög leikara og félög leikstjóra og láta vita af þessu vandamáli.

Myndin hefst á því að ferðamenn og Íslendingar á gangi í miðbænum eru spurðir hvort þeir geti nefnt einn fatlaðan einstakling sem starfar í kvikmyndaíðnaðinum. Það er sláandi að enginn getur nefnt neinn. Af hverju sjáum við svona lítið af fötluðu fólki í kvikmynda-gerð?

Þorsteinn: Mögulega er fólk hrætt við að fötluðum einstaklingi sem vinni að kvikmynd fylgi of mikið vesen. Maður sér fyrir sér senur þar sem fólk er til dæmis að ganga upp á fjöll, en það er í raun ekki svo stór hluti af kvikmynda-gerð. Þetta virðist meira vandamál en það er. Undirbúningsvinnan tekur nokkrar vikur eða mánuði og er oft skrifstofuvinna, að hafa samband við fólk og redda öllu fyrir tókur. Tökurnar geta farið fram í kvikmyndaverum sem eru oftast nær frekar aðgengileg af því að það þarf að koma að myndavélum og alls kyns búnaði. Auðvitað eru tókur stundum á stöðum þar sem aðgengið er mun verra en það er ekki alltaf þannig.

Orri: Þá er hægt að finna út úr því. Í versta falli kæmist fötluð manneskja ekki á örfáa tókustaði. Það er enginn heimsendir.

Þorsteinn: Svo er það öll eftirvinnan sem fer fram í tölvu. Henni getur fatlað fólk vel sinnt. Eins og Ragnar Vald Ragnarsson klippari segir í myndinni, þá eru komnar augnastýrðar tölvur í dag, svo að algjörlega lömuð manneskja ætti samt að geta klippt mynd, þó að það geti vissulega tekið lengri tíma.

Orri: Ég held að þetta sé tvíþætt. Fordómar og hugmyndir um tímatap eru eitt. Í auglýsingabransanum þurfa hlutir til dæmis að gerast hratt. Það var einmitt eitthvað sem nokkrir viðmælendur minntust á, að auglýsingaframleiðendur geti horft á fatlaða manneskju og hugsað: „Nei, þetta mun rústa tímatöflunni minni. Ég get þetta ekki.“ Kvikmyndaframleiðendur

Við náðum bara viðtali við einn erlendan einstakling, en við leit- uðum að fleiri fötluðum leikurum og leikstjórum erlendis, en fund- um mjög fáa. Þónokkrir sem við fundum voru blindir eða heyrnar- lausir. Við komumst svolítið að því að Hollywood, og sennilega kvikmyndabransinn í heild sinni er opnari fyrir „fallestum fötlunum.“

Þorsteinn: Já, ósýnilegum fötl- unum. Ef þú ert til dæmis heyrnar- laus þá sést það ekki á þér. Ef þú ert lamaður þá sést það á þér, og það selur minna.


Orri: Og ef það er lamaður einstaklingur í mynd, þá er hann yfirleitt fallegur líka.

Þorsteinn: Það helsta sem okk- ur datt í hug var Intouchables og Theory of Everything. Þar eru bara falllegir, ófatlaðir hvítir menn að leika fatlaða einstaklinga.

Hvað þarf að breytast í kvik- myndaiðnaðinum á Íslandi til þess að fatlað fólk taki ríkari þátt?

Þorsteinn: Aðallega hugarfarið. Orri: Ég held það þurfi vit- undarvakningu. Ef það er engin fötluð manneskja að vinna að myndinni, þá tekurðu ekki aukaskrefin til að tryggja aðgengi. Þegar það er fötluð manneskja í hópnum þarf svo lítið til að gera ráðstafanir þegar af því kemur.

Þorsteinn: Ísland er líka það lítið land og kvikmyndabransinn þar með enn minni, að um leið og ein fötluð manneskja kemst inn í bransann og nær árangri, þá ætti það að teygja sig yfir allan bransann. Þetta eru þrjú, fjögur fram-



Bandaríski leikarinn RJ Mitte er einn af viðmælendum myndarinnar, en hann fer með hlutverk Walter “Flynn” White Jr. í Breaking Bad-þáttunum. Líkt og persónan sem hann leikur í þáttunum er Mitte með heilalömun (e. cerebral palsy).



„Ég held að fatlað fólk hafi gleymst í sögu- heimi kvikmynda. (...) Á sama tíma og kon- ur eru að verða stærri leikstjórar og stærri handritshöfundar erum við farin að segja stærri sögur af konum og kvenpersónur eru að verða sterkari. Ég held að það sé einhver samnefnari þarna á milli. Við þurf- um að hleypa fötluðu fólki inn í sögurnar okkar, og ég held að á sama tíma hleypum við fötluðu fólki inn í bransann. Þetta helst allt í hendur.“

Baldvin Z., leikstjóri.



Þeir fötluðu kvikmyndagerðarmenn sem við tókum viðtöl við vinna bara á bak við myndavélina.

og leikstjórar gætu hugsað í svip- uðum dúr. Í öðru lagi held ég að fólk hugsi almennt ekki um þetta, það áttar sig ekki á vandamálinu. Fólk er samt tilbúið að breyta til og hlusta, það þarf bara aðeins að vekja það til umhugsunar.

Þorsteinn: Þeir fötluðu kvik- myndagerðarmenn sem við tók- um viðtöl við vinna bara á bak við myndavélina. Í þeim tilvikum er ómögulegt að vita að fötluð mann- eskja hafi unnið að kvikmynd út frá kreditlistanum. Hvatningin kæmi í raun helst út frá leikurunum, en það er ennþá sjaldgæfara.

Orri: Eins og Ólafur Darri kom inn á, ímyndaðu þér að vera fatlað- ur leikari sem er að reyna að koma sér á framfæri. Þú hefur nánast engar fyrirmyndir.

Hvað finnst ykkur um það þegar ófatlaðir leikarar leika persónur með fötlun?

Þorsteinn: Ég skil það upp að vissu marki, þetta er bransi þar sem sum andlit selja meira en önn- ur. Á sama tíma finnst mér ófatlaðir leikarar hafa einokað hlutverk þar sem persónan er fötluð. Það ætti ekki að vera svoléiðis. Eins og RJ Mitte úr Breaking Bad sannar, þá er hann frábær leikari. Hann gerði sitt mjög vel og hans karakter er ekki bara „fatlaði gæinn“, heldur hluti af söguþræðinum.

Orri: Ég held að stök hlutverk séu ekki vandamálið. Eins og ef við lítum á The Intouchables, þá yrði ég ekki reidur út í staka mynd, en það er einokunin sem er vanda- mál. Það gerist nánast aldrei að fötluð manneskja leiki fatlaða persónu og það er vandamál.

Hvernig stendur Ísland sig í þessum efnun í samanburði við önnur lönd?

Orri: Við töluðum bara við tvo fatlaða einstaklinga sem hafa unnið við kvikmyndagerð á Íslandi.

Þorsteinn: Það gekk ekki að finna fleiri. Við fundum engan fatlaðan leikara á Íslandi til dæmis, en í Bandaríkjunum er það algengara.

Orri: Bandaríkin eru náttúru- lega mun stærra samfélag og bransinn þar af leiðandi stærri.

leiðslufyrirtæki sem öll vinna mjög náíð. Um leið og það er ein fötluð manneskja kominn inn getur bolt- inn byrjað að rúlla.

Orri: Ef fatlaðir kæmst inn í bransann myndu þeir ekki endi- lega bara segja sögur um það að vera fatlaður. Það er alltaf gott að fá ný sjónarhorn. Þetta er ekki spurning um að pumpa inn fjölbreytileika fjölbreytileikans vegna, heldur snýst þetta um raun- veruleikann. Við eigum að fá rétta endurspeglun af þeim heimi sem við búum í.

Var eitthvað sem kom ykkur á óvart við gerð myndarinnar?

Orri: Hvað þetta skiptir fólk miklu máli þegar það áttar sig á málefnum. Það voru flestir tilbúnir að taka þátt í umræðunni og höfðu margt að segja.

Þorsteinn: Ég var tilbúinn í að fá stuttaraleg svör og að þetta yrði bara afskrifað.

Orri: En flestir sýndu þessu mikinn áhuga og fannst þetta mikilvægt. Það var frábært. Okk- ur langar líka að vinna áfram með þessa mynd, fínþússa hana og taka hana lengra.

Þorsteinn: Við myndum vilja sýna hana opinberlega og fá leyfi frá viðmælendum til þess.

Orri: Við viljum að hún verði til þess að ýta undir vitundarvak- inguna sem þarf að eiga sér stað.

Er eitthvað sem þið viljið segja að lokum?

Orri: Ég vil bara biðja fólk að hafa augun opin fyrir þessu þegar það horfir á bíómyndir. Þegar maður er meðvitaður fer maður að sjá þetta alls staðar, hvað það fer lítið fyrir þessum stóra hluta af samfé- laginu okkar í bíómyndum og allri menningu almennt. Við fjölluðum bara um kvikmyndaheiminn af því að við höfum áhuga á honum, en til dæmis get ég ekki nefnt stakan fatlaðan tónlistarmann sem ég hlusta á. Ekki hreyfihamlaðan, til dæmis.

Þorsteinn: Svo má fólk bara hafa augun opin ef okkur tekst að koma myndinni í opinbera sýningu.

„Það þarf allsherjar vitundarvakningu í að bjóða upp á tækifæri fyrir fatlað fólk.“

Ólafur Darri Ólafsson, leikari.



Námskynning

TJARNARBIÓ | LAUGARDAG 9. FEB. | 12-16

Fulltrúar frá eftirtöldum skólum verða til viðtals:

**ARTS UNIVERSITY BOURNEMOUTH • BOURNEMOUTH UNIVERSITY
CAMBERWELL COLLEGE OF ARTS • CENTRAL SAINT MARTINS • CHELSEA
COLLEGE OF ARTS • LONDON COLLEGE OF FASHION • LONDON COLLEGE
OF COMMUNICATIONS • WIMBLEDON COLLEGE OF ARTS • ISTITUTO
EUROPEO DI DESIGN (ITALIA & SPAIN) • LEEDS ARTS UNIVERSITY • MET
FILM SCHOOL (LONDON & BERLIN) • EU BUSINESS SCHOOL BARCELONA**

12:00-12:45 Örnámskeið “Portfolio Preparation”.
13:00-15:00 Reynslusögur; Fyrirverandi nemandi segja frá.
13:00-16:00 Viðtöl „maður á mann“ við fulltrúa skóla.

Sjá nánar dagskrá: lingo.is/frettir

KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ • SÍMI 562 2220 • WWW.LINGO.IS



STJÖRNUSPÁ

Rakel Sara Magnúsdóttir skrifar

STEINGEIT
(22. des - 19. jan)

Eitthvað óvænt (alvarleg, athugul, dugleg, eftirtektarsöm, fullkomunarpörf, fullorðinsleg, hjálpsöm, metnaðargjörn, raunsæ og vandvirk)
Jæja þá er komið nýtt ár og kannski nokkur áramótahelti í huga þér kærna steingeit. Á öllu þessu stússi mun eitthvað óvænt gerast sem þú getur ákveðið að nota til góðs eða ekki. Er samt ekki betra að byrja árið á trompi heldur en að liggja bara á botninum meðan aðrir spretta fram úr með látum?

Matches: Vog, fiskur, krabbi**KRABBI**
(21. jún - 22. júlí)

Ást (góður, heimakær, hjálpsamur, hlédrægur, náttúrubarn, samúðarfullur, samvirkusamur, skapandi, tilfinningarík, traustur, útsjónasamur, varkár, verndandi og viðkvæmur)
Ástin er rétt handan við hornið eða kannski bara beint fyrir framan þig. Horfðu í kringum þig, sérðu einhvern frábæran frambjóðanda? Nei kannski ekki en þá er það bara að halda halda áfram með líf sitt. Þú ert nokkuð tilfinningarík, það er samt best ef þú ferð ekki að senda sessunaut eða kennara ástarbréf. Við höldum að þú vitir ástæðuna fyrir því. Haltu áfram að láta þig dreyma and maybe something will happen.

Matches: Hrútur, vog og steingeit**VATNSBERI**
(20. jan - 18. feb)

Eitthvað óvænt (dulur, félagslyndur, forvitinn, fróðleiksfús, frumlegur, hugsuður, pælari, rólegur, sjálfstæður, skynsamur, snillingur, vingjarnlegur og þrjúskur)
Jahá elsku vatnsberinn minn það er margt á dagskrá hjá þér en í enda mánaðarins mun eitthvað klinkað gerast! Þú ert nokkuð og forvitinn svo það getur kannski verið smá erfitt að biða en stundum gerir biðin viðburðinn enn betri. Þú átt líka eftir að taka upp nýtt áhugamál sem gæti orðið að einhverju æðislegu.

Matches: Vog, steingeit, krabbi**FISKUR**
(19. feb - 20. mars)

Létt og laggott (athafnasamur, bráðþroska, duglegur, einlægur, fljótfær, framkvæmdaglaður, hreinskilinn, hvatvís, kappsfullur, kraftmikill líflægur, orkumikill, sjálfstæður, skemmtilegur, stórtækur og uppátækasamur)
Hm hvað er skrifað í stjörnunar í dag? Já veistu það er nú ekki mikið á næstunni hjá þér. Þetta verður létt byrjun á nýju ári svo þú hefur alla möguleika í heiminum fyrir framan þig. Griptu tækifærin eins og þau koma því það gerist alls ekki oft.

Matches: Steingeit, krabbi, vog**HRÚTUR**
(21. mars - 19. apríl)

AAA þú munt vinna í lottóinu! Þú er algjör lukkuhrútur og átt þennan sigur svo sannarlega skilið. Metnaðurinn er í hámarki og þú ert búinn að rústa öllum þrófunum yfir önnina. Haltu áfram að vera svona kraftmikið dýr and you will reach for the stars.))

Matches: Bogamaður, tvíburi, meyja**NAUT**
(20. apríl - 20. maí)

Vinir (áreiðanlegt, blítt, duglegt, framkvæmdaglað, friðsamt, gæfilynt, heimakært, hlédrægt, jarðbundið, einbeiting, náttúrubarn, raunsætt, rólegt, skynsam, trygglynt, varkárt, verndandi, vingjarnlegt og þrjúskt)
Vá maður, þú ert bara að LIFA LIFINU! Þú ert ekki að ofhuga hlutina eins og allir eiga svo oft til og hengur aðeins með vinum þínum sem þér actually líkar við. Þetta verður geðveikt þæglægur mánuður svo haltu áfram á þínu striki cause it's always a good time.

Matches: Vatnsberi, ljón og sporðdreki**TVÍBURI**
(21. maí - 20. júní)

Árangur (bráðþroska í hugsun, félagslyndur, fjórugur, forvitinn, glaðlegur, glaðlyndur, hress, líflægur, málgláður, þakkar, skarpur, skemmtilegur og stríðinn kannski með tvö sköp)
Kæri tvíburi þú byrjar nýja árið hress, kannski aðeins of glaður fyrir suma en það er bara allt í lagi. Þú ert svolítil þakkarari í þér þótt að langt er liðið á unglingsárin. Þú átt eftir að upplifa mikla jákvæðni og hamingju á næstunni svo lengi sem þú sérð sjálfur um að halda því þannig. You do you og allir aðrir munu fylgja þér á þinni frábæru lífsleið.

Matches: Vatnsberi, ljón og steingeit**LJÓN**
(23. júlí - 22. ágúst)

Á niðurlæði (athafnasamt, einlægt, fyrirferðamikill, heiðarlegt, kraftmikið, lífandi, listrænt, opið, ráðríkt, sjálfstætt, skapandi, stjórnsamt, tygglynt og þrjúskt)
Æj elsku ljónið okkar, jú þú ert kannski einlægt lítið lamb en á sama tíma fyrirferðamikill villidýr. Lamb og villidýr passa ekki saman alveg eins og outfitin þín eru ekki að virka þessa dagana. Ef þú hélt að þú værir kominn á botninn, nei þú hafðir rangt fyrir þér, leiðin nær miklu lengra niður svo taktu fram poppskálina, orkudrykkinn og njóttu!

Matches: Tvíburi, bogmaður, fiskur**MEYJA**
(23. ágúst - 22. sept)

Létt og laggott (aðgætin, alvörugefin, dugleg, eftirtektarsöm, með fullkomunarpörf, íhaldsöm, nákvæm, samvirkusöm, skipulögð, skynsöm, vandvirk og vel gefin)
„Nýtt ár, ný ég“ eða er það ekki þannig? Nei því miður mun ekki mikið breytast heldur minnir byrjunin frekar á Forrest Gump (ekkert gerist en samt gerist svo mikið yfir langan tíma). Maður veit aldrei hvað gerist næst en haltu áfram að vera samvirkusöm meyjja og kannski birtist eitthvað skemmtilegt á næstunni.

Matches: Krabbi, steingeit og hrútur**VOG**
(23. sept - 22. okt)



Árangur (ákveðin, brosmild, félagslynd, glaðleg, listræn, ljúf, opin, réttlát, skemmtileg, vinamörg og vingjarnleg)
Vel gert! Þú ert svo sannarlega að nepla nýja árið með jákvæðni og brosi. En það besta er að þú munt komast miklu lengra ef þú leggur þig 100 prósent fram í hvern dag eða bara 80. Þú ert algjör snillingur, so keep up the good work.)

Matches: Ljón, vatnsberi og naut**SPORÐDREKI**
(23. okt - 21. nóv)

Á niðurlæði (blíður, forvitinn, hugmyndarík, kraftmikill, næmur, ráðríkur, skapstór, tilfinningarík, viljasterkur og þrjúskur)
Við erum með slæmar fréttir fyrir þig í dag kæri sporðdreki. (Nýja árið byrjar ekkert sérstaklega vel hjá þér og verður eiginlega bara verra fyrsta mánuðinn. Þrjúska og reiði mun ekkert bæta þetta ástand svo reyndu bara að búast við því versta og kannski verður það ekki jafn slæmt.

Matches: Ljón, vatnsberi og naut**BOGAMAÐUR**
(22. nóv - 21. des)

Ást (einbeittur, félagslyndur, fjörkálfulur, forvitinn, frjálsglegur, fróðleiksfús, íþróttaálfur, líflægur, orkubolti og ævintýragjarn)
Lífið leikur léttu hljóma næstu daga. Jú það er rétt fjörkálfulinn okkar að ástin er í vændum en er þetta sú síðasta eða aðeins fyrsta? Það er þín þraut að leysa í leiknum. Ástin er frábær en láttu hana ekki umhvolf þig alveg því þú átt líka vini sem þarf að sinna.

Matches: Meyja, vatnsberi og tvíburiSpilunar
listar**Ása María Sigrúnardóttir**

Menntaskólinn við Hamrahlíð

When the party is over - Billie Eilish
911/Mr. Lonely - Tyler, The Creator ft. Frank Ocean and Steve Lacy
Broken Clocks - SZA
Emotionless - Drake

**Júlía Karen Árnadóttir**

Framhaldsskólinn á Laugum

Séra Sveinki - Séra Bjössu
Næsta - JóiPé x Króli
Thank you next - Ariana Grande
Sober - Demi Lovato

**Rakel Gyða Gunnarsdóttir**

Verzlunarskóli Íslands

Dúfan mín - Logi Pedro
Evergreen - YEBBA
Edition - Rex Orange County
Redbone - Childish Gambino

**Sesselja Malín**


Framhaldsskólinn í Breiðholti

Fancy Shoes - The Walters
I'm A Fool to Want You - Frank Sinatra
The End of the World - Skeeter Davis
I Want To Break Free - Queen

FRÍSKANDI BRAGÐ!



FYRIR HREINAR OG
FRÍSKAR TENNUR

 Tannlæknafélag Íslands mælir
með notkun xylytols sem
aðalsætuftinis í tyggigúmmii



Viltu eignast nýja vini á aldrinum 18 til 107 ára?

Hlutastörf hjá Hrafnistu

Við leitum að starfsfólki, 17 ára eða eldra, í hlutastörf með námi hjá Hrafnistu Hafnarfirði, Reykjavík, Kópavogi, Garðabæ og Reykjanesbæ. Í boði er gott vinnuumhverfi þar sem hæfileikar þínir fá að njóta sín auk þess sem þú öðlast ómetanlega reynslu og þekkingu.

Okkur vantar:

- Starfsfólk í aðhlynningu
- Hjúkrunarfræðinga/-nema
- Læknanema
- Sjúkraliða/-nema
- Félagsliða
- Starfsfólk í borðsal
- Starfsfólk í ræstingu
- Starfsfólk í eldhús

Nauðsynleg hæfni:

- Góð færni í samskiptum
- Sjálfstæði og stundvísi
- Jákvæðni og metnaður í starfi
- Góð íslenskukunnátta

Við hlökkum til að vinna með þér!

Allar nánari upplýsingar má nálgast á hrafnista.is og á fastradningar.is

Umsjón með störfunum hefur Lind hjá Fast Ráðningum, lind@fastradningar.is og í síma 552 1606. Eingöngu er hægt að sækja um störfin rafrænt með því að fylla út umsóknarform á fastradningar.is

Hrafnista rekur sex öldrunarheimili á höfuðborgarsvæðinu og í Reykjanesbæ. Hjá Hrafnistu starfa um tólf hundruð manns, ýmist í fullu starfi eða hlutastarfi. Stöðugildi eru um 650 talsins. Veitt er sólarhringsþjónusta alla daga ársins til aldraðra skjólstæðinga heimilanna.



HRAFNISTA

Eftirtaldir styrktu útgáfuna

AB Varahlutir	Framhaldsskólinn Laugum	Nýja kaffibrennslan
Akureyrarbær	Garðabær	Nýji Ökuskólinn
Arkís	Glæðir bólmaáburður	Samhentir
Bilaleiga Húsavíkur	Grettistak	Samstaða Stéttarfélag
Bruggsmiðjan	KFC	Sildarvinnslan
Fellabakarí	Kælismiðjan Frost	Sjóvá
Fjölbraut Suðurnesja	Menntaskólinn Akureyri	Súðavíkurhreppur
Fjölbrautarskóli Garðabæjar	Menntaskólinn á Ísafirði	Stofnun Árna Magnússonar
Fjölbrautarskóli Norðurlands	Menntaskóli Borgarfjarðar	Sveitafélagið Ölfus
Fjölbrautarskóli Suðurnesja	Menntaskólinn Laugarvatni	Tark teiknistofa
Flensborgarskólinn	Menntaskólinn við Sund	Umslag
Framhaldsskólinn Húsavík	Netto	Veitingastaðurinn Krúa Siam

Apótek Reykjavíkur	Seljavegi 2	101	Reykjavík	Fossvélar ehf	Hellismýri 7	800	Selfoss
Apótek Vesturlands	Smiðjuvöllum	300	Akranes	Gleraugnaverslunin Ég C	Hamraborg 10	200	Kópavogur
Á Óskarsson	Heiðargerði 8	230	Keflavík	Græni Hatturinn	Klettaborg 25	600	Akureyri
Árskóli	Box 60	550	Sauðárkrókur	Guesthouse Borg	Borgarhrauni 2	240	Grindavík
Bakkaföt river rafting	Bakkaföt	561	Varmahlíð	Hafrás rafstöðvar	Rauðhelli 9	220	Hafnarfjörður
Baugsbót ehf	Frostagötu 13	600	Akureyri	Hnýfill ehf	Óseyri 22	603	Akureyri
Bílasmiðurinn	Bíldshöfða	112	Reykjavík	Höfðakaffi	Vagnhöfða 11	112	Reykjavík
Björn Harðarson	Holti 1	801	Selfoss	Ice Group	Iðavöllum 7a	230	Keflavík
Blikkrás	Óseyri 16	603	Akureyri	Ís og Ævintýri	Vagnstöðum	781	Höfn í Hornafirði
Bolungarvíkurkaupstaður	Aðalstræti 12	415	Bolungarvík	Litlalón ehf	Skipholti 8	355	Ólafsvík
Bókasafn Reykjanesbæjar	Tjarnargötu 12	230	Keflavík	Nethamar	Garðarvegi 15	900	Vestmannaeyjar
Bókasafn Ölfus	Hafnarbergi 1	815	Þorlákshöfn	Norðurpóll	Laugabrekku	650	Laugar
Bókhaldsstofa Tálknafjarðar	Strandgötu 30	460	Tálknafjörður	Pétur O Nikulásson	Melabraut 23	220	Hafnarfjörður
Bókráð Bókhaldstofa	Miðvangi	700	Egilsstaðir	Rúnar Óskarsson	Hrísateig 5	641	Húsavík
Byggðasafnið á Skógum		861	Hvolsvöllur	Sigurbjörn	Grímsey	611	Grímsey
DMM Lausnir	Iðavöllum 96	230	Keflavík	Trésmiðja Helga Gunnarssonar	Mánabraut 2	545	Skagatrönd
Dýralæknaþjónustan	Stuðlum	801	Selfoss	Verslunartækni / Geiri	Draghálsi 4	110	Reykjavík
Eldhestar	Völlum	816	Ölfus	Verslunin Brynja	Laugavegi 29	101	Reykjavík
Fagtækni ehf	Akralind 6	201	Kópavogur	Vélvirki ehf	Hafnarbraut 7	610	Grenvík
Fljótsdalshérað	Lyngási 12	700	Egilsstaðir	VSÓ Ráðgjöf	Borgartúni 20	105	Reykjavík

Almenningssamgöngur eru jafnréttismál

Höfundur: Ragna Sigurðardóttir



Ég sting mér í föðurlandið, fötin og ullarsokkana. Klæði mig í stígvélina og kippi með mér hálfvolgu kaffi í ferðamáli. Reyni að taka nokkuð stóra sopa úr milli hraðra skrefa í átt að strætóstoppstöðinni sem er svona 300 metrum frá heimili mínu í vesturjaðar Reykjavíkur. Í strætó númer 13 er alls konar fólk. Ungt fólk, gamalt fólk, fjölskyldufólk, einstæðingar, útlendingar, vinnandi fólk og nemendur. Ég fletti í gegnum símann á meðan ég fylgist með fólki stíga í og úr strætisvagninum. Við keyrum framhjá MH og vagninn nánast tæmist. Nokkrir til viðbótar fara út við Versló og nokkur okkar hoppa út við gamla Borgarspítalann í Fossvoginum þar sem við ýmist störfum eða stundum nám.

Hvers vegna strætó?

Í nýrri skýrslu samtakanna Intergovernmental Panel on Climate Change eða IPCC kemur fram að verulegar líkur á því að 1,5°C aukning á hitastigi á heimsvísu komi til með að hafa neikvæðar afleiðingar

á heilsu okkar og ekki síst þeirra einstaklinga sem eiga heima á heitari svæðum á hnettinum.¹ Miklar líkur eru á því að með hlýnun um 2°C verði afleiðingarnar á heilsu enn meiri og eru þar nefndar sérstaklega afleiðingar smitsjúkdóma sem þekkjast helst á hlýrri svæðum heimsins en á litla Íslandi. Þá er auðvitað líka hægt að benda á þær áþreifanlegu afleiðingar sem mengun; koltvísýringslosun og annar útblástur, hefur á heilsu okkar hér heima, sérstaklega hér í borginni. Einstaklingar sem búa við skerta heilsu, til dæmis einstaklingar með astma og aðra öndunar-færasjúkdóma, finna sérstaklega mikið fyrir þessu.

Í því samhengi og í samhengi hnattrænnar hlýnunar er ekki nóg að keyra aðeins minna á bensín-bílnum eða stöðva aðeins sjaldnar á umferðarljósum. Til þess að minnka útblástur koltvísýrings og afstýra óhóflegri hlýnun jarðar þarf byltingu í ferðamáta, framleiðsluáferðum og neysluvenjum okkar. Stjórnvöld og við öll sem búum hér á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðunum

verðum a standa okkar plikt gagnvart þeim sem búa í nálægð við okkur sem og þeim sem búa í fjarlægum löndum.

Hvað með kostnaðinn?

Samkvæmt útreikningum Félags íslenskra bifreiðaeigenda nemur rekstur einkabíls með öllum tilheyrandi gjöldum, svo sem af tryggingum, bensíni, bílastæðum, og viðgerðum, um það bil eina milljón króna á ári.² Kostnaðurinn við það að halda uppi bíl er því mikill og einn stærsti útgjaldaliður okkar. Það að nemakort í strætó sem kosta nærri því tuttugu sinnum minna en það að reka bíl er því gríðarlega mikilvægt.

Almenningssamgöngur sem jafnréttismál

Hagkvæmar samgöngur til og frá skóla eru nefnilega jafnréttismál. Sömuleiðis er það það að ódýrari kostur standi einstaklingum og fjölskyldum til boða en einkabíllinn. Þá eru ótaldar þau áhrif á heilsu sem mengun og hnattræn hlýnun hefur bæði á okkur hér á Íslandi og íbúa

annarra landa. Oft eru þau áhrif hvað mest á þau sem minnst eiga á milli handanna.

Af þessum ástæðum þurfum við að leggja kapp á að gera allt sem í okkar valdi stendur til að auka notkun almenningssamgangna og umhverfisvæns ferðamáta. Þrýstum á stjórnvöld að bæta almenningssamgöngur. Þrýstum á Borgarlínu. Verum leiðtogar í okkar eigin umhverfi og notum almenningssamgöngur. Það er ekkert sem segir að ungt fólk geti ekki haft áhrif í þessum málaflokki sem og öðrum - slíkt hefur nú áður gerst.³

¹ Intergovernmental Panel on Climate Change, 2018. Sjá https://report.ipcc.ch/sr15/pdf/sr15_spm_final.pdf

² Félag íslenskra bifreiðaeigenda, 2018. Sjá <https://www.fib.is/is/billinn/rekstrarkostnadir>

³ Sjá t.d. um áframhaldandi akstur næturstrætó (<http://www.visir.is/g/2018181229170>), en Óskar Steinn Jónínuson og annað ungt fólk í sveitarfélögunum á höfuðborgarsvæðinu þrýsti á að ekki yrði hætt við akstur strætó á næturnar eins og stóð til í haust.



GRINGLO, „fljótandi melódíur og þýðingarmikil textagerð“

Höfundur: Sólrún Freyja Sen

Ívan Mendez er söngvari og gítarleikari í hljómsveitinni GRINGLO frá Akureyri. Hljómsveitin gaf út smáskífu síðasta vor, og gaf út glænýtt lag í vikunni, sem ber titilinn Human.

„Lagið fjallar um vangaveltur mínar um mannleg samskipti í hversdagsleikanum. Ég vil ekki gefa upp of mikið en ég mæli með að fólk hlusti á textann og reyni að ráða úr honum.“

GRINGLO er hljómsveit sem ég bjó til utan um mig. Ég var einn að semja mikið af lögum á kassagítar með kósý „vibe-i“, þá lög með boðskap um frið og heimspekilegum pælingum sem ég hef verið að spá í. Tónlist GRINGLO má skilgreina sem folk-tónlist, sem einkennist ýmist af rytmískum slætti á hin ýmsu strengjahljóðfæri, fljótandi melódíum og þýðingarmikilli textagerð sem sækir innblástur sinn í mannleg samskipti, persónulegar reynslur og stóru spurningar lífsins.“

Meðlimir hljómsveitarinnar ásamt Ívani eru

þeir Guðbjörn Hólm sem spilar á bassa og syngur bakraddir, Guðjón Jónsson á hljómborð og píanó, og Arnar Freyr Scheving sem spilar á trommur og leikur slagverk.

Ívan hefur líka verið að gefa út tónlist utan hljómsveitarinnar, en þar notar hann tölvuna meira og eigin hráu mannlegu tilfinningar.

Ívan er að vinna í nýrri smáskífu með GRINGLO sem kemur út næsta vor, fyrir utan að vera sjálfur alltaf eitthvað að bralla.

„Ég er með tvö lög sjálfur sem mig langar að fara að klára, þannig vonandi kemur eitthvað frá mér í bráð.“

Sumarið 2018 gáfum við í GRINGLO frá okkur EP plötunna From Source á Spotify. Platan er fyrri kafli stærra verks og inniheldur 6 lög.

Um þessar mundir vinnum við hörðum höndum við það að hljóðrita seinni kafla verksins. Sú plata mun einning innihalda 6 lög og heitir hún To

the Ocean. Í sameiningu munu þær bera nafnið From Source, to the Ocean - A Tale of Two Rivers og kemur hún út í byrjun sumars.

Ásamt hljóðupptökum erum við líka að skipuleggja útgáfutónleika. Það verður mjög metnaðarfullt verkefni og engu til sparað. Sennilega verða þetta síðustu tónleikar sveitarinnar um ókomin tíma þar sem ég stefni út til Berlínar í haust þar sem ég hyggst sækja mér í B.A gráðu í Music Production.

Platan er hálfgerð concept plata og fjallar um ferðalag mitt í leit af hugarró og tilgangi lífs míns. Tímabilið sem lögin voru samin á spannar fjögur atburðarök ár.

Tónlistin á þessari plötu var mín leið til að lækna hjartasár og skilja sjálfan mig betur. Hvert einasta lag er partur af ferðalagi mínu, frá algjöru niðurbroti og til

mannsins sem ég er í dag.“